



Starfskýrsla og reikningar FRÍ

2014-2015

60. Frjálsíþróttaping
Reykjavík 30. apríl - 1. maí 2016
Starfstíminn frá 6. september 2014 til 1. maí 2016

DAGSKRÁ

Laugardagur 30. apríl

09:00	Setning
09:05	Kosning þingforseta og ritara Kosning nefnda þingsins: 1. Kjörbréfanefnd 2. Fjárhagsnefnd 3. Laganefnd 4. Allsherjarnefnd
09:15	Skýrsla stjórnar – ávörp gesta
10:00	Kaffihlé – Afhending heiðursviðurkenninga
11:00	Skýrsla stjórnar, framhald. Reikningar fyrir árin 2014 og 2015 lagðir fram Umræður um skýrslu stjórnar og reikninga
12:30	Hádegisverðarhlé
13:30	Fjárhagsáætlun stjórnar til næstu tveggja ára
14:00	Tillögur að laga- og reglugerðarbreytingum
15:00	Aðrar tillögur
16:00	Nefndarstörf

Sunnudagur 1. maí

10:00	Ávarp forseta Frjálsíþróttasambands Evrópu
10:15	Framhald nefndarstarfa
11:30	Afgreiðsla mála
12:30	Umræður
13:00	Hádegisverðarhlé
14:00	Afgreiðsla mála (frh.)
15:00	Kosningar Kosning formanns og annarra stjórnarmanna Kosning 2 skoðunarmanna reikninga Kosning fulltrúa á Íþróttaping ÍSí
15:30	Önnur mál.
16:00	Þingslit.

Áskilinn er réttur til breytinga

EFNISYFIRLIT

SKÝRSLA STJÓRNAR FRÍ	4	ÁRSREIKNINGUR FRÍ 2015	29
SKÝRSLUR NEFNDA FRÍ	14	ÁRSREIKNINGUR FRÍ EHF 2015	39
ÍSLANDSMET SETT 2014	20	ÁRSREIKNINGUR FRÍ 2014	45
ÍSLANDSMET SETT 2015	24	LÖG FRÍ	55

Héraðss./félag	Alls lðkendur	Fjöldi atkvæðisbærra.
Héraðssambandið Hrafna-Flóki (HHF)	111	4
Héraðssamband Snæfells- og Hnappadalssýslu (HSH)	100	3
Héraðssambandið Skarphéðinn (HSK)	764	10
Héraðssamband Strandamanna (HSS)	12	2
Héraðssamband Vestfirðinga (HSV)	108	4
Héraðssamband Þingeyinga (HSP)	75	3
Íþróttabandalag Akureyrar (ÍBA)	142	4
Íþróttabandalag Hafnarfjarðar (ÍBH)	798	10
Íþróttabandalag Reykjavíkur (ÍBR)	1377	16
Íþróttabandalag Vestmannaeyja (ÍBV)	94	3
Ungmenna- og íþróttasamband Dalamanna og Norður-Breiðfirðinga (UDN)	98	3
Ungmenna- og íþróttasamband Austurlands (UÍA)	239	5
Ungmenna- og íþróttasamband Fjallabyggðar (UÍF)	15	2
Ungmennasamband Borgarfjarðar (UMSB)	89	3
Ungmennasamband Eyjafjarðar (UMSE)	98	3
Ungmennasamband Kjalarnesþings (UMSK)	502	8
Ungmennasamband Skagafjarðar (UMSS)	182	5
Ungmennasamband Austur-Húnavatnssýslu (USAH)	91	3
Ungmennasambandið Úlfjótur (USÚ)	14	2
Ungmennasamband Vestur Húnavetninga (USVH)	15	2
Ungmennasamband Vestur-Skaftafellssýslu (USVS)	70	3
Samtals	4982	98

Höfundar efnis: Sigurður P Sigmundsson, Jón Sævar Þórðarson, Ásbjörn Karlsson, Gunnlaugur A. Júlíusson, Ólafur Guðmundsson, Felix Sigurðsson, Þorsteinn Þorsteinsson, Fríða Rún Þórðardóttir, Súsanna Helgadóttir, Stefá Halldórsson, Sigurður Haraldsson, Árni Þorsteinsson, Jón Steingrímsson, Lóa Björk Haaldóttir, Einar Vilhjálmsson, Friðrik Þór Óskarsson.

Umbrot og prentun: prentun.is

Starfsskýrsla stjórnar FRÍ

60. Frjálsíþróttapings 30.apríl og 1. maí 2016 Reykjavík

Stjórn, nefndir og starfslið

Á 59. Frjálsíþróttapingi sem haldið var á Akureyri 6. og 7. September 2014 voru eftirtalin kjörin í stjórn: Einar Vilhjálmsson formaður, Lóa Björk Hallsdóttir, Jón Hólmur Steingrímsson, Stefán Skafti Steinólfsson og Jónas Egilsson. Í varstjórn voru kjörin: Ingvar Jón Hlynsson, Fríða Rún Þórðardóttir, Björg Ágústsdóttir, Aðalbjörg Hafsteinsdóttir og Lovísa Hreinsdóttir. Stjórnin skipti þannig með sér verkum: Lóa Björk Hallsdóttir, varaformaður, Skafti Steinólfsson ritari og Jón Hólmur Steingrímsson. Stjórnin hélt alls 34 formlega stjórnarfundir, auk fjölda annarra funda og funda með sambandsaðilum og fleiri innan hreyfingarinnar.

Formenn starfsnefnda voru kjörnir á þinginu sem hér segir: Almennings-, götu- og viðavangshlaupanefnd Sigurður Pétur Sigmundsson, Fræðslu- og útbreiðslunefnd Stefán Halldórsson, Laganefnd Ásbjörn Karlsson, Mannvirkjanefnd Sigurður Haraldsson, Mótanefnd Ólafur Guðmundsson, Ofurhlauparáð Gunnlaugur Júlíusson, Skráninganefnd: Felix Sigurðsson, Tækninefnd Þorsteinn Þorsteinsson, Unglinganefnd Þórunn Erlingsdóttir, Öldungaráð Trausti Sveinbjörnsson. Íþróttmannanefnd var ekki kjörin á Meistaramótinu 2014, Íþrótt- og afreksnefnd Jón Sævar Þórðarsson.

Kjörnir eða tilnefndir fulltrúar FRÍ eða innan hreyfingarinnar í stjórnnum, nefndum og ráðum: Jónas Egilsson í stjórn Frjálsíþróttasambands Evrópu (EAA) og í fræðslunefnd sambandsins fram að kosningapingi EAA í Bled, Slóveníu í apríl 2015. Hann var formaður Frjálsíþróttasambands evrópskra smáþjóða (AASSE) fram að kosningapingi sambandsins í Lausanne í október 2015, en innan AASSE eru alls níu aðrar þjóðir innan Evrópu. Ísland var í forsvari fyrir Norðurlandasamstarfið frá og með 1. September 2014. Gunnlaugur Júlíusson var varamaður í framkvæmdastjórn ÍSÍ 2014 og kosinn á 72. Íþróttapingi ÍSÍ 2015 í framkvæmdastjórn ÍSÍ. Þórey Edda Elísdóttir var kosin á 72. Íþróttapingi ÍSÍ 2015 sem varamaður í framkvæmdastjórn ÍSÍ. Þorsteinn Þorsteinsson á sæti í norrænu tækninefndinni. Þá eru Guðmundur Magni Þorsteinsson, Stefán Örn Einarsson og Ingólfur Örn Arnarsson viðurkenndir mælingamenn vegalengda götuahlaupa.

Einar Vilhjálmsson, sótti alla formannafundi Norðurlandasamstarfsins, Frjálsíþróttasambands Evrópu (EAA) og á vegum IAAF auk þess að sitja fundi Athletic Association of Small States of Europe (AASSE) og fleiri samráðsfundi á alþjóðlegum vettvangi. Þorsteinn Þorsteinsson sótti fund norrænu tækninefndarinnar í Noregi 22. nóvember 2014. Einar Vilhjálmsson, Sigurður Haraldsson og Sólveig Guðnadóttir voru tilnefnd sem fulltrúar FRÍ á Íþróttapingi ÍSÍ sem fram fór 17.-18. apríl 2015. Alberto Borges, Freyr Ólafsson og Margrét Héðinsdóttir sóttu ráðstefnu EAA í Frankfurt „The Youth and Club System Conference“ dagana 6.-8. nóvember 2015. Lóa Björk Hallsdóttir sótti leiðtogaráðstefnu EAA „The European Athletics CEO Conference“ í Minsk, Belarus dagana 8.-10. Apríl 2016.

Formaður undirbúningsnefndar vegna frjálsíþróttahluta Smáþjóðaleikanna 2015 í Reykjavík er Sigurður Ingvarsson. Aðrir í nefndinni eru: Jónas Egilsson framkvæmdastjóri FRÍ, Sigurður Haraldsson formaður mannvirkjanefndar, Þorsteinn Þorsteinsson formaður tækninefndar og Sigurjón Þorsteinsson tilnefndur af Frjálsíþróttaráði Reykjavíkur (FÍRR) og Guðlaug Baldvinsdóttir auk formanns FRÍ Einars Vilhjálmssonar.

Undirbúningsnefnd frjálsíþróttahluta RIG 2015 & 2016 skipuðu alls: Atli Örn Guðmundsson, Einar Vilhjálmsson,

Fríðrik Þór Óskarsson, Freyr Ólafsson, Guðlaug Baldvinsdóttir, mótsstjóri, Helgi Björnsson, Sigurður Haraldsson, Sigurjón Þorsteinsson og Unnur Sigurðardóttir. Starfsmaður nefndarinnar var Jónas Egilsson 2015 og Árni Þorsteinsson 2016.

Starfsfólk sambandsins var skipað á tímabili þessum einstaklingum: Jónas Egilsson starfandi framkvæmdastjóri fram á mitt ár 2015, Árni Þorsteinsson, framkvæmdastjóri frá 1. nóvember 2015, Þórey Edda Elísdóttir verkefnisstjóri fram til 1. febrúar 2015, Þórunn Erlingsdóttir verkefnastjóri unglingamála fram til 1. nóvember 2014. Þær Þórey Edda og Þórunn voru í hlutastörfum og óskuðu ekki eftir áframhaldi störfum fyrir sambandið á árinu 2015. Sjálfboðaliðar í skrifstofustörfum og nefndarstörfum íþrótt- og afreksnefndar FRÍ hluta árs 2015 voru Haukur Þór Haraldsson, Fríða Rún Þórðardóttir og Einar Vilhjálmsson.

Alþjóðleg mót

Eins og sambandsaðilar þekkja tók ný stjórn til starfa 6. september 2014 eftir að frjálsíþróttarárinu 2014 var að mestu lokið og umræðu um þann tíma er að finna í starfsskýrslu stjórnar þess tíma sem lögð var fram á 59. þingi FRÍ í viðaukaskjali sem fylgdi skýrslunni.

RIG 2015 & 2016:

RIG 2015. Fyrsta alþjóðlega frjálsíþróttamót ársins sem FRÍ sá um skipulagningu á var frjálsíþróttamótið á RIG 23. janúar 2015. Mótið hlaut góða umsögn í skýrslu frá eftirlitsmanni Evrópska frjálsíþróttasambandsins, Toralf Nilsson. Fyrir milligöngu FRÍ og í samstarfi við framkvæmdastjórn RIG flutti Colin Jackson fyrirlestur, á ráðstefnu RIG sem bar heitið „Dare to dream“. Þá var það sérstakt gleðiefni FRÍ að fjáröflunarstarf á vegum Fjárhagsnefndar FRÍ skilaði sambandinu verulegum fjárhagslegum ávinningi sem að stórum hluta má rekja til þess að FRÍ hlaut í fyrsta sinn viðurkenningu á kröfu sambandsins um hreina vallarumgjörð á RIG. Stjórn FRÍ þakkar framkvæmdastjórn RIG fyrir undirritun samkomulags um fyrirkomulag fjáröflunar FRÍ á mótinu. Alls tóku 106 keppendur þátt á mótinu í 21 keppnisgrein og þar af voru 5 erlendir gestir. Besta afreki mótsins í kvennaflokki náði Aníta Hinriksdóttir með tímanum 2:02,88 mín í 800m hlaupi og Bretinn Daniel Gardiner í landstökki 7,69m. Frjálsíþróttamótið á RIG 2015 hlaut einnig góða umfjöllun, sýnt frá mótinu í beinni útsendingu á RÚV og aðrir fjölmiðlar gerðu mótinu góð skil. RIG 2016. Frjálsíþróttamótið á RIG 2016 hlaut góða umsögn annað árið í röð í skýrslu frá eftirlitsmanni Evrópska frjálsíþróttasambandsins, Mats Svenson. Í skýrslunni er einnig að finna gagnlegar ábendingar um það sem bæta þarf í framtíðinni s.s. undirlag í kúluvarpsgeiranum, endurnýjun á sumum tækjum og undirlagi á brautum. Alls tóku 113 keppendur þátt á mótinu í 19 keppnisgreinum, þar af 6 erlendir gestir. Meðal erlendra gesta vakti þátttaka Bretans Dwain Chambers, í 60m hlaupi, mikla athygli en hann flutti einnig fyrirlestur á ráðstefnu sem framkvæmdastjórn RIG stóð fyrir og þótti fyrirlesturinn góður og áhrifamikill og laut m.a. að varnaðarorðum um notkun ólöglegra lyfja í íþróttum. Besta afreki mótsins í kvennaflokki náði Aníta Hinriksdóttir með tímanum 2:02,47 mín í 800m hlaupi og í karlaflokki Bandaríkjamadurinn Robert Williams Gracewill í kúluvarpi 18,72m. Frjálsíþróttamótið á RIG 2016 hlaut góða umfjöllun, sýnt var frá mótinu í beinni

útsendingu á RÚV og aðrir fjölmiðlar gerðu mótinu góð skil. Stjórn FRÍ þakkar framkvæmdastjórn RIG innilega fyrir gott og ánægjulegt samstarf í undirbúningi og framkvæmd mótsins. Þá á undirbúningsnefnd FRÍ og aðrir sjálfbóðaliðar sem störfuðu á mótunum 2015 og 2016 miklar þakkir skildar fyrir frábær störf sem endurspeglast í tveimur góðum umsögnun eftirlitsaðila EAA um mótin. Umsagnir eftirlitsaðila EAA um framkvæmd FRÍ á RIG 2015 og 2016 voru mikilvægar við að tryggja rétt Íslands til að halda Norðurlandameistaramót fullorðinna innanhúss í febrúar 2018, en sú var að lokum niðurstaðan á formannafundi Norðurlandanna 11. mars 2016.

Nordic Challenge innanhús Bærum 2015.

Frjálsíþróttasamband Íslands tók þátt á innanhússmóti Norðurlandanna í fyrsta sinn í Bærum í Noregi 14. febrúar 2015 en mótið sem nefndist „Nordic Challenge“ var haldið fyrst árið 2012. Danir og Íslendingar tefldu fram sameiginlegu liði 2015. Fjórir frjálsíþróttamenn tóku þátt á mótinu. Kolbeinn Höður Gunnarsson sigraði sinn riðil í 400 m hlaupi á tímanum 48,30 sek og hafnaði í 3. sæti keppinnar. Hrafnhildur Eir R. Hermóðsdóttir hljóp 60m á 7,59 sek (7. sæti), Kristinn Þór Kristinsson kom í mark í 800m á tímanum 1:51,74 sek.(7.sæti) og Þorsteinn Ingvarsson stökk 7,02m í langstökki (8.sæti). Fyllsta aðhalds var gætt í fjármálum sambandsins við innleiðingu á þessu nýja verkefni í mótaskrá sambandsins og mótið því skilgreint sem reynslumót landsliðsmanna í boðsmótaumhverfi þar sem hver og einn þurfti að sjá um sig frá a-ö. Tilkynt var samhliða að FRÍ stefndi að markvissari þátttöku á mótinu 2016 í samstarfi við Dani. Á formannafundi Norðurlandanna 2015 var samþykkt að mótið yrði eftirleiðis skilgreint sem Norðurlandameistaramót innanhúss þar sem keppt væri um Norðurlandameistaratil í einstökum greinum og landsliðs.

NM innanhús Växjö 2016.

Undirbúningur að þátttöku Íslands á NM innanhús í Växjö 13. ferbrúar 2016 hófst í lok nóvember 2015 samkvæmt samkomulagi við Dani og lauk í samstarfi við Piotr Haczek fimmtudaginn 11. febrúar. Alls 11 íslenskra landsliðsmanna tóku þátt á mótinu í sameiginlegu liði Íslendinga og Dana. Íslendingur fór á pall í þrjú skipti. Aníta Hinriksdóttir vann til gullverðlauna í 800m hlaupi og náði besta afreki í sameiginlegu liði Íslendinga og Dana þegar hún kom í mark á tímanum 2:01,59 mín. Hafdis Sigurðardóttir vann til silfurverðlauna í langstökki með sökki upp á 6,33m. Arna Stefanía Guðmundsdóttir vann til bronsverðlauna í 400m hlaupi á tímanum 54,48 sek. Óðinn Björn Þorsteinsson varð fjórði í kúluvarpi með kasti upp á 18,23m og Guðni Valur Guðnason áttundi í kúluvarpinu með 16,82m. Kolbeinn Höður Gunnarsson hafnaði í 7. sæti í 200m á 21,84 sek. Hulda Þorsteinsdóttir veiktist í ferðinni og varð að drag sig úr keppni.

EM innanhús Pragh 2015:

Evrópumeistaramót innanhúss er haldið annað hvert ár og var haldið í Prag 6.-8. mars 2015. Alls 614 keppendur tóku þátt á mótinu frá 49 þjóðum. Sex íslenskir frjálsíþróttamenn fóru til Pragh. Aníta Hinriksdóttir, Einar Daði Lárusson, Hafdis Sigurðardóttir, Hrafnhild Eir Hermóðsdóttir, Kolbeinn Höður Gunnarsson og Trausti Stefánsson. Einar Daði Lárusson veiktist í ferðinni og tók ekki þátt á mótinu. Aníta Hinriksdóttir setti Íslandsmet í 800m í riðlakeppninni á tímanum 2:01,56 mín, var önnur í riðlinum og komst áfram. Í undanúrslitum hljóp hún á tímanum 2:02,31 mín. og tryggði sér sæti í úrslitum. Í úrslitahlaupinu kom hún í mark á tímanum 2:02,74 mín og hafnaði í 5. sæti. Hafdis Sigurðardóttir stökk 6,35m í langstökki og hafnaði í 12. sæti af 22 keppendum. Hrafnhild Eir Hermóðsdóttir hljóp 60m á 7,52 sek og lauk keppni eftir riðlakeppnina. Trausti Stefánsson varð í 25. Sæti í 400m

hlaupi á tímanum 48,28 sek. en Kolbeinn Höður Gunnarsson hafnaði í 32. sæti í 400m hlaupi á tímanum 49,21 sek eftir að hafa lent í samstuði í þriðju beygju hlaupsins.

Smáþjóðaleikarnir í Reykjavík 2015

Smáþjóðaleikarnir 2015 voru haldnir í Reykjavík á Laugardalsvelli dagana 2, 4 og 6. Júní.

Þjóðir með keppnisrétt á Smáþjóðaleikum eru alls tíu; Andorra, Cyprus, Ísland, Gibraltar, Liechtenstein, Luxembourg, Malta, Monaco, Montenegro og San Marino. Keppendur í frjálsíþróttahluta leikanna voru alls 201 frá níu þjóðum. Frjálsíþróttakeppni fór fram á þremur keppnisdögum og veður mismunandi eins og búast má við á Íslandi. Veður aftraði því þó ekki að keppnin var skemmtileg og spennandi og mörg persónuleg met féllu á leikunum. Framkvæmd frjálsíþróttamótsins var til mikils sóma fyrir frjálsíþróttahreyfinguna í landinu og undirbúningsnefnd FRÍ skilaði góðu og metnaðarfullu starfi í samstarfi við framkvæmdastjórn ÍSí.

Tilkostnaður ÍSí vegna leikanna var mikill, aðbúnaður keppenda betri en áður og umgjörð öll íburðarmeiri. Keppendur fengu allir sérstaka aðgangspassa að viðburðum og þjónustu leikanna sem veitti þeim m.a aðgang að sameiginlegum matsal leikanna sem komið var fyrir í Skautahöllinni. Boðið var upp á morgunverð, hádegisverð og kvöldverð alla dag leikanna sem frjálsíþróttamennirnir gátu nýtt sér að vild. Allir íslensku keppendurnir, alls 55 að tölu, fengu sérmerktu upphitunargalla, vindgalla, sportgalla, vatnsbrúsa, derhúsu og axlarpoka að gjöf frá ÍSí og félagi sínu en FRÍ veitti félögum íþróttamanna styrk til að mæta kostnaði við hvern íþróttamann sem ÍSí gerði íþróttamönnum eða félögum þeirra að greiða. Árangur íslensku frjálsíþróttamannanna vakti mikla athygli og frammistaðan ein sú besta frá upphafi Smáþjóðaleikanna en þeir voru fyrst haldnir árið 1985. Ísland hlaut alls 43 verðlaun í frjálsíþróttahluta leikanna og þar af 15 gullverðlaun, 15 silfurverðlaun og 13 bronsverðlaun.

Dagur-1 2. júní:

Íslenska frjálsíþróttaliðið hóf keppni með glæsibrag á fyrsta keppnisdegi Smáþjóðaleikanna. Samtals unnu okkar keppendur til 11 verðlauna á fyrsta degi, þar af 3 gull, 4 silfur og 4 brons. Hlynur Andrésson kom mörgum á óvart í 5.000 m hlaupinu er hann kom fyrstur í mark á tímanum 14:45,94 mín. Ásdís Hjálmsdóttir sigraði í spjótkastinu mjög sannfærandi, en hún kastaði lengst 58,85 m og María Rún Gunnlaugsdóttir hlaut bronsverðlaun með 42,30 m. Hafdis Sigurðardóttir var örugg með sigur í langstökki með 6,50m og átti 5 lengstu stökk keppinnar og Dórothea Jóhannesdóttir varð 4. með 5,56 m. Hafdis hlaut einnig silfurverðlaun sama dag í 100 m hlaupi kvenna á 11,87 sek og Arna Stefanía Guðmundsdóttir 5. á 12,14 sek. Meðvindur var 2,4 m/sek. Ari Bragi Káráson varð 3. í 100 m hlaupi karla á 10,76 sek (v. +2,3) og Juan Ramon Borges Bosque varð 7. á tímanum 11,01 sek. Kristinn Þór Kristinsson kom 3. í mark í 800 m hlaupinu á tímanum 1:58,9 mín og Bjartmar Örnusson varð 7. á 2:01,60 mín. Aníta Hinriksdóttir hafnaði í 2. sæti í 800 m hlaupi kvenna á tímanum 2:09,10 mín og María Birkisdóttir varð 5. á 2:25,27 mín. Krister Blær Jónsson var hársbreidd frá sigri í stangarstökki, en hann stökk hæst 5,05 m og Einar Daði varð 5. með 4,60 m. Keppni í stangarstökki var færð í íþróttahúsið í Kaplakrika vega mikils hliðarvinds á Laugardalsvelli. Óðinn Björn Þorsteinsson varð annar í kúluvarpi með 18,10 m og Stefán Velemir varð 3. með 17,53 m sem var persónuleg bæting hjá honum. Anna Berglind Pálmadóttir og Helga Guðný Elíasdóttir komu í mark í 4. og 5. sæti í 10.000 m hlaupi kvenna. Anna á tímanum 38:58,2 mín og Helga á 40:59,5 mín.

100 meters - Men - Final - 02.06.2015					
3	10,76 Pb.	+2.3	Ari Bragi Kárasón	1989	FH
7	11,01 Pb.	+2.3	Juan Ramon Borges Bosque	1992	FH
800 meters - Men					
3	01:58,9		Kristinn Þór Kristinsson	1989	HSK
7	02:01,1		Bjartmar Örnusón	1988	UFA
5000 meters - Men					
1	14:45,9		Hlynur Andrésson	1993	ÍR
Shot put (7.26 kg) - Men					
2	18,1		Óðinn Björn Þorsteinsson	1981	ÍR
3	17,53 Pb.		Stefán Velemir	1994	FH
100 meters - Women - Final					
2	11,87 Sb.	+2.4	Hafðís Sigurðardóttir	1987	UFA
5	12,14 Pb.	+2.4	Arna Stefanía Guðmundsdóttir	1995	FH
10000 meters - Women					
4	38:58,2		Anna Berglind Pálmadóttir	1979	UFA
5	40:59,6		Helga Guðný Elíasdóttir	1994	FJÖLNIR
Long jump - Women					
1	6,50 Pb.	+5.8	Hafðís Sigurðardóttir	1987	UFA
4	5,56 Pb.	+4.9	Dórothea Jóhannesdóttir	1994	ÍR
Javelin (600 gr) - Women					
1	58,85		Ásdís Hjálmsdóttir	1985	Á
3	42,3		María Rún Gunnlaugsdóttir	1993	Á
Pole vault - Men					
2	5,05		Krister Blær Jónsson	1995	ÍR
5	4,60		Einar Daði Lárusson	1990	ÍR

Dagur2.-4. júní

Íflensku keppendurnir létu heldur betur til sín taka á öðrum keppnisdagi Smáþjóðaleikanna og unnu til sjö gullverðlauna, átta silfurverðlauna og tveggja bronsverðlauna. Þórdís Eva Steinsdóttir sigraði sannfærandi í 400 m hlaupinu á 55,72, Steinunn Erla Davíðsdóttir varð 5. í 400 m með persónulegu meti 56,67 sek. Arnar Pétursson hljóp 3.000 m hindrunarhlaup af mikili skynsemi og sigraði með persónulegu meti 9:22,16 mín og Sæmundur Ólafsson varð 4. með persónulegu meti 9:46,51 mín. Guðmundur Heiðar Guðmundsson datt á síðustu grind í 110m grindrahlaupi, en hann var á leið í annað sætið fram að því. Kristinn Torfason sigraði í langstökki með 7,24m og Þorsteinn Ingvarsson varð 3. með 7,10 m. Aníta Hinriksdóttir sigraði í 1500m hlaupi á 4:26,37 mín. og María Birikisdóttir varð 5. með persónulegu meti 4:43,74 mín. Kristinn Þór Kristinsson hafnaði í 2. sæti í 1500m hlaupi með persónulegu meti 3:52,91 sek og Hlynur Andrésson kom þriðji í mark á 3:56,82 mín. Arna Stefanía Guðmundsdóttir sigraði í 400 m grindarhlaupi með persónulegu meti 60,77 sek og Agnes Erlingsdóttir varð 4. á 65,01 sek. Arna Stefania varð önnur í 100 m grind með persónulegu meti 14,09 sek. Fjóla Signý Hannesdóttir varð 5. í 100m grind á 15,25 sek. Steinunn Erla Davíðsdóttir varð 5. í 400 m kvenna á 56,67 sek. Guðni Valur Guðnason sigraði í kringlukasti með 56,40 m og persónulegu meti. Hulda Þorsteinsdóttir varð í 2. sæti í stangarstökki með 3,60 m og Bogey Ragnheiður Leósdóttir í 3. sæti með 3,50 m. Kolbeinn Höður Gunnarsson stóð í ströngu en hann varð annar í 400 m hlaupi á 48,44 sek og hljóp síðan undanrásir í 200 m skömmu síðar og vann sinn riðil á 21,62 sek, sem var besti tími dagsins. Kormákur Ari Hafliðason varð 5. í 400m hlaupinu sem var mikil bæting utanhúss. Einar Daði Lárusson varð annar í 110 m grind á 14,71 sek og Guðmundur Heiðar Guðmundsson 4. á 15,24 sek sem var bæting um 20/100 sek. Vigdís Jónsdóttir var ekki langt frá sínu besta í sleggjukasti, kastaði 55,40 m og varð í 2. sæti, en María Óska Felixdóttir varð þriðja með 46,67 m, en greinin vannst á 60,09 m. Spjótkastarinn Ásdís Hjálmsdóttir tók sifflur í kringlukasti en hún kastaði 42,13 m og Kristín Karlsdóttir varð 3. með 36,64 m. Þær Þóranna Ósk Sigurjónsdóttir og Selma Líf Þórólfsdóttir fóru báðar yfir 1,67 m í hástökki kvenna. Þóranna varð í 4.-5. sæti en Selma í því sjötta.

400 meters - Men - Final					
2	48,44 Sb.		Kolbeinn Höður Gunnarsson	1995	UFA
5	50,76 Pb.		Kormákur Ari Hafliðason	1997	FH
1500 meters - Men					
2	3:52,91 Pb.		Kristinn Þór Kristinsson	1989	HSK
110 m hurdles (106,7 cm) - Men					
2	14,71	+1.6	Einar Daði Lárusson	1990	ÍR
4	15,24 Pb.	+1.6	Guðmundur H. Guðmunds.	1991	FH
400 m hurdles (91.4 cm) - Men					
1	53,21 Pb.		Ívar Kristinn Jasonarson	1992	ÍR
3000 m steeplechase - Men					
1	9:22,16 Pb.		Arnar Pétursson	1991	ÍR
4	9:49,51 Pb.		Sæmundur Ólafsson	1995	ÍR
Long jump - Men					
1	7,24	+0.2	Kristinn Torfason	1984	FH
3	7,1	+0.1	Þorsteinn Ingvarsson	1988	ÍR
Discus (2.0 kg) - Men					
1	56,40 Pb.		Guðni Valur Guðnason	1995	ÍR
5	43,96		Hilmar Örn Jónsson	1996	FH
400 meters - Women - Final					
1	55,72		Þórdís Eva Steinsdóttir	2000	FH
5	56,67 Pb.		Steinunn Erla Davíðsdóttir	1993	UFA
1500 meters - Women					
1	04:26,4		Aníta Hinriksdóttir	1996	ÍR
5	4:43,74 Pb.		María Birikisdóttir	1995	ÍR
100 m hurdles (84 cm) - Women					
2	14,09 Pb.	+1.4	Arna Stefanía Guðmundsdóttir	1995	FH
5	15,25	+1.4	Fjóla Signý Hannesdóttir	1989	HSK
400 m hurdles (76,2 cm) - Women					
1	60,77 Pb.		Arna Stefanía Guðmundsdóttir	1995	FH
4	65,01		Agnes Erlingsdóttir	1990	HSK
Pole vault - Women					
2	3,6		Hulda Þorsteinsdóttir	1991	ÍR
3	3,5		Bogey Ragnheiður Leósdóttir	1996	ÍR
Discus (1.0 kg) - Women					
2	42,13		Ásdís Hjálmsdóttir	1985	Á
3	36,64		Kristín Karlsdóttir	1994	FH
Hammer throw (4,0 kg) - Women					
2	55,4		Vigdís Jónsdóttir	1996	FH
3	47,67		María Ósk Felixdóttir	1992	ÍR

Dagur 3.-.6. júní

Hafðís Sigurðardóttir sigraði í þristökki kvenna með stökki upp á 12,49 m. og varð í 2. sæti í 200 m hlaupi á 24,22 sek. og Hrafnhild Eir Hermóðsdóttir 3. á 24,35 sek. Guðmundur Sverrirsson sigraði í spjótkasti með 74,38m. og Örn Davíðsson varð annar með kasti upp á 68,15m.

Kolbeinn Höður Gunnarsson varð í 4. sæti í 200m á 21,84 sek og Ívar Kristinn Jasonarson 7. á 22,10 sek. Kári Steinn Karls-son varð annar í 10km á 31:32,17 mín og Arnar Pétursson 3. á 32:42,38 mín. Þorsteinn Ingvarsson vann til silfurverðlauna í þristökki með 14,69 og Stefán Þór Jósefsson varð fimmti með 13,25 m. Irma Gunnarsdóttir varð í 3. sæti í kúluvarpi með 12,21m og Ásgerður Jana Ágústsdóttir í 4. sæti með 11,30m). Í 5.000 m hlaupi varð Andrea Kolbeinsdóttir 5. í mark á 17:54,26 mín og Anna Berglind Pálmadóttir 8. sæti á 18:35,56 mín. Einar Daði Lárusson varð 6. í hástökki með 2,00m og Styrmir Dan Steinunnarson 7. sæti með 1,95m. Íslensku keppendur létu heldur betur til sín taka í boðhlaupunum, en þeir unnu þrenn gullverðlaun og ein silfurverðlaun í lokagreinum mótsins. Konurnar unni bæði 4x100m á 46,62 sek.(Steinunn Erla Davíðs-d,Hafðís Sigurðard,Arna Stefanía Guðmundsd,Hrafnhildur Eir R. Hermóðsd) og sigruðu einnig í 400m á 3:44,31min (Þórdís Eva Steinsd,Arna Stefanía Guðmundsd,Aníta Hinriksd,Hafðís Sigurðardóttir). Karlarnir sigrðuð í 4x400m 3:17,06 mín. (Trausti Stefáns,Ívar Kristinn Jasonarson,Einar Daði Lárus,Kolbeinn Höð-ur Gunnars) og höfnuði í öðru sæti í 4x100m 42,01 sek (Juan Ramon Borges Bosque,Ívar Kristinn Jasonarson,Kolbeinn Höð-

ur Gunnars,Ari Bragi Kárasón). Lokadagur leikanna kórónaði einn besta árangur íslensks frjálsíþróttafólks á Smáþjóðaleikum um frá upphafi.

NM unglunga í fjölþrautum, Kaupmannahöfn 13.-14 júní
Norðurlandameistaramótið í fjölþrautum var haldið í Kaupmannahöfn dagana 13-14 júní. Fimm keppendur frá Íslandi tóku þátt. Keppt var í þremur aldursflokkum, U18, U20 og U23. Í flokki U23 keppti Ingi Rúnar Kristinsson (1993, Breiðablik) í tugþraut og hlaut silfurverðlaun með 6981 stig. Í flokki pilta U20 keppti Tristan Freyr Jónsson (1997, ÍR) í tugþraut og hafnaði í 6. sæti með 6971 stig sem var persónulegt met. Í flokki stúlkna U18 keppti Irma Gunnarsdóttir (1998, Breiðablik) í sjöþraut og hafnaði í 13. sæti með 4477stig en hún átti við meiðsli að stíða í hástökki. Í flokki pilta U18 kepptu í tugþraut Guðmundur Karl Úlfarsson (1998, Ármanni) sem hafnaði í 6. sæti með 6150 stig og Guðmundur Smári Daníelsson (1998, UMSE) í 9. sæti með 5782 stig. Báðir piltarnir bættu sinn persónulega árangur í tugþraut. Þjálfarar í ferðinni vöru Þráinn Hafsteinsson og Alberto Borges.

Evrópukeppni landsliða 2. Deild Stara Zagora, Búlgaría 20.-21. júní

Árangur íslenska landsliðsins í Evrópukeppni landsliða sem fram fór í Stara Zagora í Búlgaríu dagana 20.-21. júní var sá besti sem íslenskt lið hefur náð í þeirri keppni. Liðið hafnaði í 6. sæti af 8 liðum í 2. deild, með 156,5 stig. Þessi árangur kom í kjölfar gælsilegrar frammistöðu Íslands á Smáþjóðaleikum sem undirstrikar gott starf félaganna í hreyfingunni. Nýtt Íslandsmet var sett í 4x100 m boðhlaupi en sveitin kom í mark á tímanum 40,72 sek í hörku keppni um verðlaunasæti en hafnaði í 5. sæti. Sveitina skipuðu þeir Juan Ramón Borges Bosque, Ívar Kristinn Jasonarson, Kolbeinn Höður Gunnarsson, Ari Bragi Kárasón. Ásdís Hjálmsdóttir og Hafdís Sigurðardóttir sigruðu sitthvora greinina, en Ásdís keppti auk þess í kúluvarpi og kringlukasti og náði góðum árangri þar líka. Hafdís keppti í langstökki, þristökki ásamt því að vinna 400 m. Hún var líka í báðum boðhlaupssveitunum, 4x100 m og 4x400 m. Aníta Hinriksdóttir varð 2. í 800 m hlaupi. Hlynur Andrésson náði góðum árangri í 5.000m hlaupi en hann kom 2. í mark á 14:46,79 mín. Þá varð Guðmundur Sverrisson 2. í spjótkesti með 69,66 m. Guðni Valur Guðnason náði góðum árangri í kringlukasti með 57,89 m. Danmörk og Búlgaría urðu í 1 og 2 sæti og keppta í 1. deild 2017. Úr 1. deild féllu niður í 2. deild lið Lettlands og Litháen. Lið Austurríkis, Slóvakíu, Ísraels og Moldovu færðust upp í 2. deild úr 3. deild, en 12 lið munu framvegis keppta í 2. deild. Öll eru þau í FH undir handleiðslu Einar Þórs Einarssonar sprettþjálfara. Yfirþjálfari kvenna var Ragnheiður Ólafsdóttir, yfirþjálfari karla Jón Oddson, fararstjóri Einar Vilhjálmsson og liðstjóri Benóný Jónsson. Sérgreinaþjálfarar í ferðinni voru Bjarki Gíslason, stangastökk, Eggert Bogason sleggja, kringla, kúla, Einar Þór Einarsson, sprettþlaup, Einar Vilhjálmsson, spjótkest og Pétur Guðmundsson kúla og kringla. Sigurður

Haraldsson fylgdi hópnum í boði Frjálsíþróttasambands Evrópu (EAA) og starfaði sem eftirlitsdómari EAA á mótinu. Gunnlaugur Júlíusson skrásetti mótið með myndrænum hætti og Martha Erntsdóttir stóð vaktina allan daga við sjúkrapjálfun, nudd og slökunarþjálfun.

Bauhaus Junioren Gala í Mannheim í Þýskalandi 27.6.2015.

Fjórir íslenskir unglingar kepptu á þessu boðsmóti sem er eitt sterkasta frjálsíþróttamót ungmenna sem haldið er í Evrópu. Þau sem kepptu fyrir Íslands hönd voru þau Aníta Hinriksdóttir úr ÍR sem vann til silfurverðlauna í 800 m hlaupi á tímanum 2:02.57 mín. Hilmar Örn Jónsson vann til brons-

Evrópukeppni landsliða 2. deild 2015 - konur				Evrópukeppni landsliða 2. deild 2015 - karlar			
100 m Women - Final Wind (m/s): 1.4				100 m Men - Final Wind (m/s): -0.7			
7	Hrafnhild Eir Hermósdóttir	35.370	SB	6	Ari Bragi Kárasón	10.82	SB
200 m Women - Final Wind (m/s): -0.4				200 m Men - Final Wind (m/s): 1.9			
8	Steinn Erla Davídsdóttir	25.60	PB	3	Kolbeinn Höður Gunnarsson	21.63	
400 m Women - Final				400 m Men - Final			
3	Hafdis Sigurdardóttir	54.13	SB	3	Kolbeinn Höður Gunnarsson	47.52	PB
800 m Women - Final				800 m Men - Final			
2	Aníta Hinriksdóttir	2:03.17		5	Kristinn Thór Kristinsson	1:51.91	SB
1500 m Women - Final				1500 m Men - Final			
8	Maria Birisdóttir	4:41.59	PB	7	Kristinn Thór Kristinsson	3:55.71	
3000 m Women - Final				3000 m Men - Final			
7	Maria Birisdóttir	10:20.95	PB	4	Hlynur Andrésson	8:31.62	PB
5000 m Women - Final				5000 m Men - Final			
8	Anna Berglind Pálmadóttir	18:26.66	PB	2	Hlynur Andrésson	14:46.79	
3000 m steeple Women - Final				3000 m steeple Men - Final			
5	Andrea Kolbeinsdóttir	10:57.01	SB	4	Arnar Pétursson	9:29.86	
100 m hurdles Women - Final Wind (m/s): -1.3				110 m hurdles Men - Final Wind (m/s): -1.0			
7	Anna Stefania Guðmundsdóttir	14.20		6	Einar Daði Lárusson	15.16	
400 m hurdles Women - Final				400 m hurdles Men - Final			
3	Anna Stefania Guðmundsdóttir	58.79	PB	7	Ívar Kristinn Jasonarson	56.87	
High jump Women - Final				High jump Men - Final			
6	Thórunna Ósk Sigurjónsdóttir	1.60	SB	6	Einar Daði Lárusson	2.00	
Pole vault Women - Final				Pole vault Men - Final			
2	Hulda Thorsteinsdóttir	4.00	PB	5	Krister Blær Jónsson	4.80	
Long jump Women - Final				Long jump Men - Final			
1	Hafdis Sigurdardóttir	6.45	NR	8	Thorsteinn Ingvarsson	7.02	
Triple jump Women - Final				Triple jump Men - Final			
6	Hafdis Sigurdardóttir	12.77	SB	8	Thorsteinn Ingvarsson	14.39	SB
Shot Women - Final				Shot Men - Final			
4	Ásdís Hjálmsdóttir	14.58	PB	3	Óðinn Björn Thorsteinsson	18.55	SB
Discus Women - Final				Discus Men - Final			
5	Ásdís Hjálmsdóttir	47.51	SB	4	Guðni Valur Guðnason	57.89	PB
Hammer Women - Final				Hammer Men - Final			
5	Vigdís Jónsdóttir	53.41		-	Hilmar Örn Jónsson	NM	
Javelin Women - Final				Javelin Men - Final			
1	Ásdís Hjálmsdóttir	60.06		3	Guðmundur Sverrisson	69.66	
4 x 100 m Women - Final				4 x 100 m Men - Final			
5	Steinn Erla Davídsdóttir, Hafdis Sigurdardóttir, Anna Stefania Guðmundsdóttir, Hrafnhild Eir Hermó	46.22	SB	4	Juan Ramón Borges Bosque, Ívar Kristinn Jasonarson, Kolbeinn Höður Gunnarsson, Ari B. Kárasón	40.72	NR PB
4 x 400 m Women - Final				4 x 400 m Men - Final			
8	Melkorka Rán Hafliðadóttir, Steinn Erla Davídsdóttir, Maria Birisdóttir, Hafdis Sigurdardóttir	3:55.09	SB	5	Kormákur Ari Hafliðason, Trausti Stefánsson, Ívar Kristinn Jasonarson, Kolbeinn Höður Gunnarsson	3:12.40	SB

verðlauna í sleggjukasti með kasti upp á 76,31 m. Tristan Freyr Jónsson, hafnaði í 7.sæti í langstökki með 6,75 m, Hann setti íslenskt aldursflokkamet í 110m grindarhlaupi á 14,56 sek og hafnaði í 14. sæti. Hann keppti í 200m hlaup þar sem hann hafnaði í 20. sæti með persónulegu meti 22.13sek og keppti einnig í 100m hlaupi og hafnaði í 19. sæti á tímanum 11,21 sek. Vigdís Jónsdóttir hafnaði í 5. Sæti í sleggjukasti með 51,21m.

EM U23 Tallinn Eistlandi 9.-12. júlí

Tiunda Evrópumeistaramót 20-22 ára var haldið í Tallinn Eistlandi dagana 9-12. Júlí. Keppendur Íslands voru alls 7 á mótinu. Arna Stefania Guðmundsdóttir, 400m grindahlaup Guðni Valur Guðnason, kringlukast, Hlynur Andrésson, 5.000m og 10.000 m hlaup, Kolbeinn Höður Gunnarsson, 200m og 400m hlaup, Krister Blær Jónsson, stangarstökk, Stefán Velemlir, kúluvarp. Þjálfararnir í ferðinni voru Ragnheiður Ólafsdóttir, Kristján Gissurarson og Pétur Guðmunsson.

Kolbeinn Höður Gunnarsson keppti fyrstur íslensku keppendanna á mótinu. Hann hljóp í milliriðlum 400m hlaupsins á tímanum 47,28 sek., bætti sinn besta tíma í greininni og hafnaði 6. sæti í sínum riðli en komst ekki áfram. Hlynur Andrésson keppti í 10km hlaupi á EM U23 í Tallinn og kom í mark á tímanum 31:53,34 mín og hafnaði í 20. sæti. Krister Blær Jónsson átti ekki sinn besta dag og felldi í þrígang byrjunarhæð sína í stangarstöckinu 4,80m. Arna Stefania Guðmundsdóttir kom í mark á tímanum 60,03sek í 400m grindarhlaupi hafnaði í 5. sæti í sínum riðli en komst ekki áfram. Guðni Valur Guðnason kastaði kringlunni 53,66 og hafnaði í 15. sæti af 22 keppendum og komst ekki áfram. Kolbeinn Höður Gunnarsson náði sínum ársbesta tíma í 200m hlaupi á tímanum 21,48m sem nægði þó ekki til að komast áfram í milliriðla. Stefán Velemlir kastaði 17,17m í forkeppninni, hafnaði í 21. sæti af 27 keppendum og komst ekki áfram. Ljóst er eftir þátttöku okkar á EM U23 í Tallinn að Ísland á glæsilegan hóp af ungum og efnilegum frjálsíþróttamönnum sem aldurs vegna gætu öðlast rétt til keppni á næsta EM U23 árið 2017.

EM U20 Eskilstuna, Svíþjóð 16.-19. júlí

Evrópumeistaramót unglunga 19 ára og yngri var haldið í

Eskestuna, Svíþjóð dagana 16.-19. júlí. Fjórir íslenskir frjálsíþróttamenn kepptu á mótinu. Aníta Hinriksdóttir keppti í 800m, Hilmar Örn Jónsson í sleggjukasti, Tristan Freyr Jónsson í tugþraut og Vigdís Jónsdóttir í sleggjukasti.

Þjálfarar í ferðinni voru Gunnar Páll Jóakimsson, Eggert Bogason og Þráinn Hafsteinsson.

Aníta sigraði sinn riðil í riðlakeppninni á 2:05,01 og koms í úrslit þar sem hún vann til bronsverðlauna á tímanum 2:05,04. Hilmar Jónsson var óheppinn og gerði öll köst sín ógild í forkeppni sleggjukastsins. Tristan Freyr Jónsson bætti árangur sinn um rúmlega 200 stig í tugþrautinni, hlaut 7203 stig og hafnaði í 13. sæti af 23 keppendum. Vigdís Jónsdóttir hafnaði í 13. sæti af 20 keppendum með 54,09m í sleggjukasti.

Ólympíuhátíðar Evrópuæskunnar 16-17 ára Tbilisi 26.-31. júlí

Sex ungmenni voru fulltrúar Þjóðarinnar í frjálsíþróttakeppni Ólympíuhátíðar Evrópuæskunnar í Tbilisi í Georgíu. Keppendur í frjálsíþróttum eru Styrmir Dan Hansen Steinunnarson frá Þór í Þorlákshöfn sem keppti í hástökki og spjótkaði, Daði Arnarson Fjölmi sem keppti í 800m hlaupi, Þórdís Eva Steinsdóttir FH sem keppti í 400m hlaupi, Hilda Steinunn Egilsdóttir FH sem keppti í stangarstökki, Hildigunnur Þórarinsdóttir ÍR sem keppti í 100m grindahlaupi og langstökki og Bjarki Freyr Finnbogason ÍR sem keppti í 200m hlaupi og 400m hlaupi. Frá 22.-25. júlí var frjálsíþróttamönnum boðið upp á æfingabúðir á Bosön í Svíþjóð og flogið frá Stokkhólmi laugardaginn 25. júlí til Tbilisi. Þjálfari í ferðinni var Elísabet Ólafsdóttir, FH.

Hildigunnur Þórarinsdóttir var fyrst Íslendinganna til að hefja keppni og kom í mark í 100m grindahlaupi á tímanum 15,19 sek., hafnaði í 8. sæti í 3. riðli og komst ekki áfram. Síðar sama dag keppti hún í forkeppni í langstökki en komst ekki áfram með stökki upp á 4,91m. Daði Arnarson hljóp 800m á tímanum 2:00,69 mín og hafnaði í 5. sæti í 1. riðli af þremur og komst ekki áfram. Styrmir Dan stökk 1,84m í hástökki sem nægði ekki til þátttöku í úrslitakeppninni. Eftir riðlakeppni 400m hlaupi lifnaði heldur betur yfir íslenska hópnum þegar Þórdís Eva Steinsdóttir tryggði sér sæti í úrslitum í 400m hlaupi á tímanum 56,31sek. Í úrslitahlaupinu hafnaði Þórdís Eva í 5. stæti á tímanum 56,24sek sem var besta afrek íslensku keppendanna á mótinu. Bjarki Freyr Finnbogason hljóp 200m í riðlakeppninni í sterkum mótivindi (-3,7m/sek) og lauk keppni á tímanum 23,88sek. Hilda Steinunn Egilsdóttir keppti í stangarstökki, fór yfir 3,10m í annari tilraun og lauk keppni eftir þrjár góðar tilraunir við 3,25m. Góð reynsla komin í reynslubankann hjá okkar unga og efnilega frjálsíþróttafólki.

HM Beijing Kína 22.-30. ágúst

Glæsilegt heimsmeistaramót í frjálsíþróttum var haldið á Ólympíuleikunum á Peking dagana 22.-30. ágúst. Aníta Hinriksdóttir og Ásdís Hjálmsdóttir áunnu sér þátttökurétt á mótinu. Ásdís náði árangursviðmiði fyrir sjálfkrafa þátttökurétt og Aníta var mjög nálægt því að gera það einnig. Aníta fékk þó þátttökuheimild inn á nýrri reglu um skilgreindan fjölda keppanda í hverri grein sem öðlast þátttökuheimild. Ásdís átti ekki sinn besta dag kastaði spjóttinu 56,72m í forkeppninni sem nægði ekki til þátttöku í úrslitum og hafnaði í 29. sæti af 32 keppendum. Aníta stóð fyrir sínu, kom 5. í mark í 6. riðli á sínum ársbesta tíma 2:01,01mín og var ekki langt frá því að komast í milliriðla. Þjálfarar í ferðinni voru Gunnar Páll Jóakimsson og Terry Machuge og fararstjóri Einar Vilhjálmsson sem sótti þing IAAF dagan fyrir mótið. Á þinginu var nýr forseti IAAF kosinn Sebastian Coe.

NM U20 Espoo, Finnlandi 29.-30. ágúst

Á Norðurlandamóti unglinga í Espoo keppti alls 9 frjáls-

íþróttamenn á aldrinum frá 15-19 ára. Þrír þjálfarar fylgdu hópnum, Eggert Bogason, Ragheiður Ólafsdóttir og Þráinn Hafsteinsson.

Hilmar Örn Jónsson (FH) sigraði í sleggjukasti 77,66m (6kg sleggja) og einnig í kringlukasti með 49,53 m (1,75kg). Tristan Freyr Jónsson (ÍR) keppti í fjórum greinum á mótinu sem hentaði tugþrautamanninum vel. Hann sigraði í 110m grindarhlaupi (99,1 cm) á tímanum 14,47sek (v+2,1), vann til silfurverðlauna í 200 m hlaupi á 21,60 sek (v+2,0), hafnaði í 5. sæti í 100 m hlaupi á 10,68sek (v+2,8) og 6. sæti í langstökki með 7,10 (v+3,7). Þórdís Eva Steinsdóttir (FH) hafnaði í 4. sæti í 400m hlaupi á símun ársbesta tíma 55,26sek og varð 7. í 200m hlaupi á 24,91 sek (v+2,8). Kormákur Ari Hafliðason (FH) hafnaði í 7. sæti í 400m á 49,49 sek. Vigdís Jónsdóttir varð 7. sæti í sleggjukasti með 56,38 m. Irma Gunnarsdóttir (BBlik) keppti í þremur greinum og hafnaði í 7. sæti í öllum greinum. Hún kastaði kúlu 12,67 m sem var hennar ársbesta, kastaði spjóti 40,68m og hljóp 100m gring (84cm) á sínum ársbesta tíma 15,13 sek. (v+1,8). Andrea Kolbeinsdóttir (ÍR) varð 7. sæti í 3000m hindrunarhlaupi á tímanum 11:21,04 mín og í 8. sæti í 3000m hlaupi á 10:34,29 mín. Viktor Orri Pétursson (Á) varð í 8. sæti í 800m á tímanum 2:00,67 mín og einnig í 8. sæti í 1500m á 4:21,81 mín. Guðbjörg Jóna Bjarnadóttir (ÍR) varð 8. í 400m hlaupi á 66,37 sek.

Mótahald innanlands á vegum FRÍ - annað en alþjóðleg mót

Mótahaldið var með hefðbundnu sniði að mestu leyti, meistaramótin og bikarkeppnir og var þátttaka í þeim flestum svipuð og venjulega. Fjöldi keppenda á meistaramótum yngstu aldursflokka kallar á skoðun á framkvæmd þessara móta. Mót með nýju sniði, þ.e. sambland af leikjum og keppnum eru að verða vaxandi þáttur í þátttöku yngstu keppendanna. Í samstarfi við Friðrik Þór Óskarsson beitti stjórnin FRÍ sér fyrir því að fjallað sérstaklega á heimasíðu FRÍ um bersónulegar framfarir hvers og eins á mótum ársins 2015. Jafnframt hvatti stjórn FRÍ sambandsaðila til að auka umfjöllun og viðurkenningar fyrir framfarir íþróttamanna. Þessar áherslur hafa mælst mjög vel fyrir innan sem utan hreyfingarinnar. Á stórmóti ÍR var m.a. tekið upp það nýnæmi að kalla upp fjórða einstaklinginn við verðlaunaafhendingu og veita sérstakt viðurkenningarskjal fyrir mestu framfarir í hverri keppnisgrein, samhliða hefðbundnum viðurkenningum. Ástæða er til að ætla að frekari skref í þessa átt að samfagna persónulegum framförum keppenda á mótum muni reynist heillaspor fyrir hreyfinguna og hvetur fráfarandi stjórn nýja stjórn til að hlúa vel að þessum áherslupætti í mótahaldi innan hreyfingarinnar.

Mótaröð FRÍ fór fram í fjórða skipti sumaröð 2015. Í mótaröðinni eru sex mót: Vormót HSK, JJ- mót Ármanns, Vormót ÍR, FH-mótið, Breiðabliksmótið og Akureyrarmótið. Mótaröðin hefur jafnframt verið stigakeppni og gátu íþróttamenn unnið sér inn stig í fjórum mismunandi greinaflokkum. Þessir greinaflokkar eru sprettflokkur, millivegalengdaflokkur, stökkflokkur og kastflokkur. Fyrsta sæti veitir 4 stig, 2. sæti tvö stig og 3. sæti 1 stig. Stigahæstu einstaklingarnir innan hvers flokks sigra flokkinn. Á hverju móti getur hver keppandi aðeins fengið stig fyrir eina grein í hverjum flokki. Frá árinu 2013 hafa öll 6 mótin gilt til stiga.

Samstarf FRÍ við sambandsaðila

Nauðsynlegt er að efla og bæta samtal, samstarf, samráð og samskipti innan frjálsíþróttahreyfingarinnar umfram dagleg símtöl og tölvupósta. Á 59. Þingi sambandsins voru niðurstöður vinnuhóps kynntar sem unnið hafði að stefnumótun sambandsins. Meðal annar komu til umræðu svör sambandsaðila við spurningunni; "Hverju er brýnast að breyta.

Sigurvegarar í Mótarið FRÍ 2015 - stigakeppni einstaklinga í greinaflokkum

Greinaflokkar	Karlar	Konur
Sprettflokkur	Kolbeinn Höður Gunnarsson	Þórdís Eva Steinsdóttir
Millivegalengdaflokkur	Snorri Sigurðsson	María Birkisdóttir
Stökkflokkur	Þorsteinn Ingvarsson	Fjóla Signý Hannesdóttir
Kastflokkur	Guðmundur Sverrisson	Irma Gunnarsdóttir

Umræðu um RIG og Smáþjóðaleika er að finna undir alþjóðleg mót.

Niðurstaðan var afdráttarlaus. Efst á listanum var svarið að „auka samheldni í hreyfingunni, bæta samstarf milli félaga, eyða rígg og neikvæðni í samstarfi“. Svör við spurningunni „hvernig gæti samvinna átt sér stað“ voru m.a. að skapa hvata til samstarf, sameinast um þjálfara, halda samstarfsfundi, samnýta aðstöðu og samvinna um mótahald og ferðir. Þegar sambandsaðilar voru sérstaklega spurðir um það sem þeir töldu hreyfingunni mikilvægt voru svörin þau „að horfa á það sem sameinar okkur / það sem við eigum sameiginlegt, frekar en það sem aðgreinir okkur“ og „mikilvægt að skoða hvað stendur í vegi fyrir samvinnu“. Skilaboðin frá sambandsaðilum til stjórnarinnar sem tók við kefli sambandsins að loknu 59. þingi sambandsins voru skýr og urðu að leiðarljósi stjórnarinnar milli þinga. Stjórnin beitti sér m.a. fyrir myndun opinna þjálfarahópa til að auka samtal og samráð þjálfara sem vinna með iðkendum á mismuandi aldri og getustigum. Hóparnir fengu vinnuheitið Stórmótaráð FRÍ, Yfirþjálfararáð FRÍ og Þjálfararáð unglinga. Formaðu FRÍ boðaði hópana til samráðsfunda og Þjálfararáð unglinga kom saman nokkrum sinnum eftir það, ræddi málin lagði línurnar og framkvæmdi í samræmi við sameiginlega ákvörðun. Samráðsráðunum var ætlað að vera fastanefndum sambandsins til halds og traust s.s. íþrótt- og afreksnefnd og Unglinganefnd og skapa skilvirkan og opinn vettvang fyrir skoðanaskipti, upplýsingagjöf og samvinnu. Svo dæmi sé tekið voru verkefnastjórar landsliðsmála kvenna og karla fyrir sumarið 2015 valdir með samráði yfirþjálfararáðs FRÍ og ÍPA. Og ástæða til að þakka þeim Ragnheiði Ólafsdóttur, verkefnastjóra kvennalandslíðs og Jóni Oddsyni, verkefnastjóra karlalandslíðs, góð störf. Þá er einnig sérstök ástæða til að þakka öllum þjálfurum sem tóku þátt í hópstarfi innan ráðanna fyrir þátttökuna. Mikilvægt er hlúa vel að samráði og upplýsingagjöf í störfum sambandsins. Einn liður á þeirri vegferð er að bæta aðbúnað til nútíma samskipta í samfélagsmiðlum og þörf á að uppfæra heimasíðu FRÍ svo nokkuð sé nefnt. Framkvæmdastjóri FRÍ, Árni Þorsteinsson skoðaði leiðir og lausnir í þeim efnum á tímabilinu og upplýsingar fyrirbyggjandi fyrir nýja stjórn að vinna með.

Fulltrúar FRÍ sóttu eftir bestu getu aðalfundi og uppskeru-hátíðir félaga. Hinir formlegu fundir eru haustfundir þar sem aðallega er farið yfir mótamál og vorfundir, þar sem farið er nánar yfir mót sumarsins og fjármál hreyfingarinnar árið áður.

Boðað var til Vorfundar FRÍ og hann haldinn í Kaplakrika 27. febrúar 2015 þar sem farið var yfir fjármál FRÍ, og áskoranir sambandsins í þeim efnum. Óskað var eftir samráði og samstarfi félaganna við skrifstofu FRÍ um fjáröflun og þá sérstaklega rætt um Norðurlandamót ungmenna hvað það varðar. Eitt ár er ekki langur tími til að próa skilvirkt og árangursríkt samstarf á markaðssviði innan hreyfingarinnar og ná samkomulagi um hlutverk, skildur og réttindi hvers og eins í mismunandi verkefnum. Að sama skapi mikilvægt hreyfingunni að geta skilgreint markaðsstarf sitt heildrænt þannig að félögin og mótshaldara geti notið ávinnings af því starfi. Frjálsíþróttahreyfingin á mikið undir því að geta samhennt aukið verðmæti sinna starfa í augum atvinnulífsins og almennings og þeirra sem styrkja störf sambandsins og

félaganna. Mikilvægur áfangi á þeirri vegferð er að standa vörð um þá réttmætu kröfu að frjálsíþróttastarfið fái notið hreinnar vallarumgjarðar á sínum mótum. Það var kynnt á fundinum að fyrst verk núverandi stjórnar í september 2015 var að opna á umræðu um hreina vallarumgjör á RIG við framkvæmdastjórn RIG og ÍBR. Stjórn FRÍ þakkar framkvæmdastjórn RIG og stjórn ÍBR fyrir undirritun samkomulags um réttindi hreyfingarinnar til fjáröflunar á RIG sem tryggði FRÍ aukið svigrúm til að skapa sambandinu tekjur á RIG 2015 og 2016. Á Vorfundinum var afreksstefna FRÍ einnig tekin til umræðu og samráðshópar þjálfara m.a. kynntir. Þá var mál-efni Laugardalsvallar sem þjóðarleikvangs frjálsíþróttastarfsins rætt. Stjórn FRÍ og sambandsaðilar allir þurfa að standa vörð um það að hreyfingin eigi á öllum tímum 8. brauta frjálsíþróttavöll í Reykjavík sem uppfyllir kröfur fyrir alþjóðlegt mótahald.

Eftirfarandi ályktun var samþykkt á fundinum:

„Laugardalsvöllur er alþjóðlegur frjálsíþróttavöllur frjálsíþróttahreyfingarinnar í landinu og er vel fallin til að gegna því hlutverki með glæsibrag með hlutfallslega lágum tilkostnaði. Frjálsíþróttir hefur verið unnt að stunda á Laugardalsvelli frá því að hann var byggður. Frjálsíþróttasamband Íslands hefur enga ástæðu til að ætla annað en að Laugardalsvöllurinn verði til framtíðar eini 8- brauta frjálsíþróttavöllurinn á höfuðborgarsvæðinu sem uppfyllir kröfur um alþjóðlegt mótahald. Frjálsíþróttahreyfingin í landinu horfir til þess að geta í framtíðinni átt gott samstarf við KSÍ um sameiginlega nýtingu Laugardalsvallar fyrir landskeppni og stærri viðburði í frjálsíþróttum. Frjálsíþróttasamband Íslands telur mikla þörf á að tveir til þrír 6-brauta æfinga- og keppnisvelli verði reistir á höfuðborgarsvæðinu á næstu árum.“

Boðað var til Mótamálafundar FRÍ og hann haldinn 13. október 2015. Mættir voru eftirtaldir, en voru mislengi á fundinum: Súsanna Helgadóttir FH/unglinganefnd FRÍ, Lóa Björk Hallsdóttir FRÍ, Margrét Héðinsdóttir ÍR, Sigurður Pétur Sigmundsson FH/almenningshlaupanefnd, Guðmunda Ólafsdóttir HSK, Unnar Vilhjálmsson UFA, Þráinn Hafsteinsson ÍR, Þorsteinn Þorsteinsson tækninefnd FRÍ, Ólafur Guðmundsson Selfoss/mótanefnd FRÍ, Magnús Jakobsson Breiðablik, Unnur Sigurðardóttir Fjölnir, Eiríkur Mörk Valsson Breiðablik, Fríða Rún Þórðardóttir ÍR/unglinganefnd FRÍ, Stefán Þór Stefánsson ÍR, Hlynur C. Guðmundsson Afturelding, Erlingur Jóhannsson Ármann, Puriður Ingvarsdóttir Selfoss, Einar Vilhjálmsson FRÍ og Sigurður Haraldsson FH/mannvirkjanefnd FRÍ, Árni Þorsteinsson FRÍ.

Umræða um Bikarkeppni FRÍ var fyrsta mál á dagskrá þar sem allir tóku til máls og ýmis sjónarmið reifuð og lagt til að óskað verði eftir tilnefningum frá sambandsaðilum í nefnd sem leggi fram tillögu á 60. þingi FRÍ. Þá var Mótarið FRÍ rædd vítt og breitt. Eftirfarandi kom m.a. fram í fundargerð frá Sigurði Haraldssyni: „Niðurstæða þar var að færa mótaröðina inn á sumarið, ekki endilega tengja við „eldri“ mót félaga sem var gert upphaflega. Eins og staðan er núna er fjöldi móta áður en íþróttamenn eru almennt komnir mikið

út að æfa. Félög mættu halda mót saman, sem er kostur fyrir öll félög. Rætt um að félögin sem taka þátt í mótariðinni stofni hóp og fari yfir mótariðina almennt, greinar, verðlaun, dagsetningar ofl.

Mótskrá FRÍ kom til umræðu almennt og eftirfarandi bókað í fundargerð. Ólafur Guðmundsson formaður mótanefndar FRÍ fór yfir drög að mótaskrá. Samþykkt var að Ólafur geri mótaskrá skv. umræðu á fundinum og sendi á stjórn FRÍ til samþykktar.

Næsti liður á dagskrá var um "samstarf skrifstofu FRÍ við mótshaldara um kynningar- og markaðsstarf til tekjuauka fyrir mótshaldara og skrifstofu FRÍ." Úr fundargerð: "Einar Vilhjálmsson fór yfir möguleika fyrir félög og skrifstofu FRÍ til að ná fram meiri tekjum fyrir alla aðila. Súsanna Helgadóttir og Friðra Rún Þórðardóttir fóru yfir þau verkefni sem eru á næsta ári fyrir landsliðsfólk og unglinga/afreksfólk."

Loka dagdagskráliður á fundinum var um almenning-, götu- og víðavangshlaup með vísan til nýrra verklagsreglna frá Frjálsíþróttasambandi Evrópu (EAA) við greiningu og vottun á gæðakröfum sem uppfylla þarf til að götuhlaup fái viðurkenningu og vottun í gæðakerfi EAA.

"Á fundinn mættu sérstaklega aðilar frá almenningshlaupadeildum og aðilar sem koma að ýmsum störfum við götu- og víðavangshlauphlaupa m.a. þessir aðilar: Svava Oddný Ásgeirsdóttir, framkvæmdarstjóri RM, Agnar Jón Ágústsson, formaður Hlaupahóps Stjórnunnar, Óskar Jakobsson, þjálfari Skokkhóps Vals, Anton Magnússon, þjálfari Skokkhóps Hauka, Steinunn Guðnadóttir frá Kaldárshlaupinu og einhver frá hlaupahópi Víkings. Krisján Ágústsson, mælingarmaður. Hafsteinn Óskarsson ÍR og fleiri.

Sigurður Pétur Sigmundsson formaður almenningshlaupanefndar FRÍ fór yfir sögu almenningshlaupa og hvernig hlaupin hafa þróast. Þá kynnti hann stjórnugjöf eða gæðaflokkun götuhlaupa og vottunarreglur EAA. Umræður voru um hvort hægt væri að minnka kröfur til hlaupa, sérstaklega fámennari hlaupa. Rætt var um afrekaskráningu, en þá þurfa ýmis atriði að vera uppfyllt. Rætt var um staðsetningu og umsóknir um að halda meistaramót og kröfur til meistaramóta og mótshaldara vegna þeirra hlaupa. Rætt var um greiðslu til FRÍ vegna iðkenda og í hvað sá peningur færi.

Sigurður Haraldsson fór yfir kærumál frá því í sumar og hvernig laganefnd tók á því máli, þar sem um var að ræða brot sem snéri að keppnisreglum, þá getur laganefndin tekið á því máli. Ljóst er að margt má læra af þessu máli.

Þorsteinn Þorsteinsson formaður tækninefndar FRÍ fjallaði um aðkoma FRÍ og tækninefndarinnar að götuhlaupum 2013, 2014 og 2015. Mikil aukning hefur á síðustu árum orðið í að FRÍ fái einstök félög og jafnvel fyrirtæki til að annast framkvæmd meistaramóta í ýmsum utanvallahlaupum. Jafnframt því hefur stjórn FRÍ skipað yfirdómara á fleiri af þessum hlaupum á síðustu árum, sem hefur með því fjölgað verkefnum tækninefndarmanna, en þeir eru skipaðir í stöðu yfirdómara á mótum á vegum FRÍ. Sem dæmi má nefna að í fyrsta sinn var skipaður yfirdómari á þann hluta Reykjavíkurmarabons er sneri að keppni um Íslandsmeistarititils í heilu maraboni. Þorsteinn nefndi að með auknum áhuga alþjóðafriðs íþróttasambandsins á götu- og víðavangshlaupum, sem m.a. kemur fram í gæðastaðli, sem sambandið gaf út fyrir u.þ.b. einu ári og Sigurður Pétur lýsti fyrir á þessum fundi.

Almenn umræða var um götuhlaup og tóku margir þátt í umræðunni. Almennur vilji var fyrir áframhaldandi skoðana-skiptum milli áhugafólks í almenningshlaupum og FRÍ þar sem skráning árangurs í bókum FRÍ er mörgum mikilvægur. Enn er þó verk að vinna við að fá aðila til formlegs samstarfs og er stefnt á það á næstu misserum.

Samstarf við ÍSÍ og UMFÍ

Samstarf við bæði ÍSÍ og UMFÍ hefur verið vaxandi og gott eins og undanfarin ár. ÍSÍ þarf að taka tillit til fleiri aðila innan hreyfingarinnar og því dreifast kraftar og fjármagn ef til vill meir en oft áður. FRÍ tekur sem fyrr þátt í verkefnum á vegum ÍSÍ, þar með talið Ólympíuleikum, Smáþjóðaleikum, Ólympíudögum Evrópuæskunnar og á úrtökumóti Ólympíuleika æskunnar.

ÍSÍ endurúthlutar styrkjum til hreyfingarinnar sem ÍSÍ er úthlutað í fjárlögum frá alþingi og Ólympíusamhjálpinni sem og sínum samstarfssaðilum. Fulltrúar FRÍ sóttu og tóku virkan þátt á 72. Íþróttþingi ÍSÍ dagana 17.-18. Apríl 2015. Einar Vilhjálmsson, Sigurður Haraldsson og Sólveig Guðnadóttir voru tilnefnd sem fulltrúar FRÍ á Íþróttþingi ÍSÍ sem fram fór 17.-18. apríl 2015. Á Íþróttþinginu ÍSÍ 2015 var Gunnlaugur Júlíusson kosinn í framkvæmdastjórn ÍSÍ. Og Þórey Edda Elísadóttir var kosin í varastjórn framkvæmdastjórnar ÍSÍ og mun að óbreyttu taka sæti í framkvæmdastjórninni ÍSÍ að loknu næsta Íþróttþingi þar sem fjölgað var í aðalstjórn.

Tengsl FRÍ og UMFÍ voru hefðbundin, en engin fjárhagsleg eða stjórnsýsluleg tengsl eru á þessara tveggja sambanda. Hins vegar hefur ætíð verið mjög gott samband þarna á milli og á sama hátt og frjálsíþróttir eru mikilvægur þáttur í starfi UMFÍ er hefur það reynst frjálsíþróttum vel. Gott samstarf hefur verið um skipulag og framkvæmd frjálsíþróttaskólans sem hefur notið vaxandi vinsælda og er meiri spurn eftir rými þar en framboð. Nokkur umræða hefur skapast um Landsmót UMFÍ innan hreyfingarinnar, þar sem þetta er eitt mikilvægasta mót fyrir frjálsíþróttir sem hefur meðal annars leitt af sér miklar framfyrir fyrir íþróttina. Bæði hefur áhorfendum og keppendum fækkað talsvert á undanförmum árum og má í því sambandi nefna að þátttaka í frjálsíþróttum á Landsmótinu hefur minnkað um það 50% frá því að mótið var haldið í Borgarnesi 1997. Vegna þessa er frjálsíþróttasambandið reiðubúið að koma að umræðu að skoðun Landsmótsins með UMFÍ og öðrum sem hafa hagsmuna að gæta.

Erlent samstarf og fundir

Árlegur fundur framkvæmdastjóra norrænu frjálsíþróttasambandanna var haldinn í Reykjavík fimmtudaginn 25. september 2014 en nýkjörinn formaður FRÍ setti fund og bauð gesti velkomna. Á þessum fundum er rætt um sameiginleg verkefni, mótahald o.fl. Friðrik Þór Óskarsson kynnti sérstaklega mótaforritið sem hann hefur verið að þróa undanfarin ár. Þáverandi framkvæmdastjóri stýrði fundi og undirbjó.

Formaður FRÍ fór á mótþing EAA sem haldið var í Baku í Azerbaidjan 10. og 11. október 2014. Hann ásamt Jónasi Egilsyni þáverandi formanni AASSE og stjórnarmanni EAA sóttu fundi Euro meetings, fund AASSE og sérstakanfund EAA um stefnumótun.

Þorsteinn Þorsteinsson formaður Tækninefndar sótti fund norrænu tækninefndarinnar sem haldin var í Oslo 22. nóvember, en þessir fundir eru haldnir annað hvert ár. Á þessum fundum er rætt um sameiginlegar áherslur gagnvart IAAF, norrænar tæknirreglur, auk þess sem að þessu sinni voru sýnd svæði og búnaður hannaður fyrir skólafrjálsar í Noregi. Þorsteinn hefur sótt þessa fundi í um tvo áratugi fyrir hönd Íslands.

EAA var með sérstaka námstefnu um skipulag samstarfs í þjálfaramálum (Coaches Management System Seminar) í samvinnu við Háskólanu í Reykjavík dagana 5.-7. Nóvember 2014. Tveir erlendir fyrirlesarar mættu til leiks, þeir Julian North prófessor í íþróttufræðum frá Bretlandi og Malek El Hebil frá IAAF, ásamt skipuleggjanda námsstefnunnar, Bill Glad. Auk fimm þátttakenda frá Íslandi, voru þátttakendur frá Möltu, Kýpur, Bosníu-Herzegovíu og Svartfjallalandi. Námsstefnan

líkaði vel og var almenn ánægja meðal þátttakenda.

Norrænt þing var haldið í Prag í Tékklandi í tengslum við EM innanhús, fimmtudaginn 5. mars 2015. Einar Vilhjálmsson formaður og Jónas Egilsson sóttu fundinn fyrir Íslands hönd. Ísland var í formennsku í Norðurlandasamstarfinu og formaður FRÍ stýrði fundinum.

Þing EAA var haldið í Bled í Slóveníu dagana 10.-14. apríl 2015 og fulltrúi FRÍ var Einar Vilhjálmsson formaður.

Lóa Björk Hallsdóttir sótti leiðtogaráðstefnu kvenna í Birmingham á vegum EAA og breska frjálsíþróttasambandsins 17.-21. apríl 2015

Formaður FRÍ sótti þing IAAF í Beijing dagana fyrir HM í ágúst 2015

Engin frá Íslandi sótti fund norrænna framkvæmdastjóra sem fram fór í Lausanne samhliða öðrum fundum í tengslum við mótaþing EAA í okt. 2015. Formaður FRÍ ásamt Jónasi sótti fund AASSE í Lausanne á sama tíma.

Margrét Héðinsdóttir, Alberto Borges og Freyr Ólafsson voru fulltrúar FRÍ á stórráðstefnu á vegum Frjálsíþróttasambands Evrópu í Frankfurt dagana 6.-8. Nóvember 2015 "Clubs System & Youth Conference"

Formaður FRÍ og Freyr Ólafsson sóttu formannafund Norðurlandanna í Osló dagana 10.-11. Mars 2016. Á þeim fundi var samþykkt að Ísland haldi Norðurlandameistaramóti í frjálsíþróttum innanhúss í febrúar 2018.

Fræðslu- og útbreiðslumál

Á frjálsíþróttþingi árið 2010 var samþykkt að taka upp fræðslukerfi IAAF sem unnið hefur verið eftir hér síðan. Það heitir á ensku "Coaches Education Certification System" skammstafað CECS og er í fimm þrepum. Alls hafa um 100 þjálfarar útskrifast með alþjóðleg þjálfararéttindi hér á landi skv. þessu kerfi. Í haust verður boðið upp á leiðbeinanda-námskeið á 2. stigi og gefst okkur þá kost að útskrifa þjálfara á því stigi hér á landi í framtíðinni. Sennilega er þjálfun ein af okkar sterkustu stoðun í frjálsíþróttum og trúlega eru frjálsíþróttþjálfarar almennt í landinu með þeim best menntuðu þjálfurum innan íþróttahreyfingarinnar. Fram til þessa hefur okkur skort formlegu réttindakerfi í frjálsíþróttum, en með upptöku CESC er kominn vísir að því. Unnið er að formlegu samkomulagi við þær deildir háskóla hér á landi sem útskrifa íþróttfræðinga eða kennara. Markmiðið er að nemendur geti útskrifast með réttindi á 1. og 2. stigi í framtíðinni og þegar til lengri tíma er horft að allir frjálsíþróttþjálfarar í landinu verði með formlega viðurkenningu. Mikil þekking og reynsla er til staða í landinu um þjálfun einstaklinga sem stefna að því að verða þeir bestu sem þeir geta orðið og mikilvæg þekking fagreinþjálfara innan félaga geti nýst þjálfurum og íþróttamönnum á viðeigandi getustigi. Með auknu samtali, samráði og samstarfi þjálfara þvert á félög er mikilvægt skref stigið í fræðslu- og útbreiðslustarfi hreyfingarinnar og jafnvel það mikilvægasta í dag.

Skólaþríprautin var ekki haldin í ár frekar en síðastliðin tvö ár, en þátttaka í henni hefur farið minnkandi á undanföllum árum, bæði færri skólar og nemendur. Ekki hefur tekist að skapa almennan hvata fyrir nemendur til að taka þátt og nokkur andstaða er meðal íþróttakennara við að taka að sér vinnu við keppnina sem þeir fá ekki greitt fyrir. Nokkur félög og sambönd efna þó til skólakeppna með góðum árangri og er þátttaka í þeim góð yfirleitt. Mikilvægt er að hreyfingin viðhaldi skólakeppnum með reglulegum hætti víðar í landinu en gert er í dag.

Nýja heimasíðu þarf að taka í notkun þegar tími og peningar veita svigrúm til þess og þá ekki aðeins til að skapa nýtt útlit heldur til að bjóða upp á fjölbreyttari möguleika til upplýsingagjafar og samskipta. Stuttfréttir eða Twitter gæti m.a.

verið virkur hlutur af fréttáflutningi og allar fréttir færanlegar beint inn á Facebook, þannig að dreifing og miðlum fréttar verða mun skilvirkari en fram til þessa.

Friðrik Þór Óskarsson kynnti hönnun nýs mótaforrits á 59. þingi sem stuðst var við á árinu 2015 - Mótaforritið Þór. Forritið hefur mælst afar vel fyrir, er mun hraðvirkarar en það eldra og margar nýjungar þar að finna s.s. upplýsingar um persónulegar framfarir og met íþróttamanna á hverju móti. Upplýsingar af þessu toga bjóða upp á það að framförum hvers og eins verði gerð myndarlega skil í ummfjöllum um mót og á mótsstað með jákvæðum áhrifum fyrir keppendur, þjálfarar, aðstandendur þeirra og áhugamenn um íþróttir og lýðheilsu almennt. Frjálsíþróttahreyfingin er rík að mannauði s.s. sérfræðingum á sviði lýðhreilsamála og þróun á atgervi ungs fólks sem mikilvægt er fyrir hreyfinguna að virkja með einum eða öðrum hætti innan hreyfingarinnar. Á fáa er hallað þó nafn Erlings Jóhannssonar sé sérstaklega nefnt í þessu sambandi.

Fjármál, rekstur og markaðsmál

Innheimt hefur verið 1.000 króna gjald af hverjum iðkanda 11 ára frá síðasta þingi og hefur sá tekjuliður skilað um 6,4 milljónum frá síðasta þingi.

Gerðir hafa verið samstarffsamningar við nokkur fyrirtæki og fleiri eru í vinnslu. Samningur er við Icelandair um afslátt á flugi hjá þeim. Umfram það fylgja því engar kvaðir, en við getum nýtt þessa samninga fyrir okkar sambandsaðila líka, en bókanir þurfa að fara í gegnum FRÍ. Valitor hefur greitt fyrir auglýsingu á öllum keppnisnúmerum og býðst félögum innan FRÍ að fá númer sér að kostnaðarlausu. Okkur bjóðast síðan hagstæð viðskiptakjör á hótél Cabin, hótél Kletti og hótél Örk. Unnið er að samstarfi við fleiri fyrirtæki.

Í tengslum við RIG 2015 og 2016 var farið í samstarf við eftirfarandi fyrirtæki: Vífilfell, Kjörís, Sælkeradreifing ehf / Casa Fiesta, Ali, Reykjagarður ehf / Holta kjúklingur, Eimskip - Íslandsbanki Kia / Askja GER innflutningur ehf / Húsgagna-höllin, Nautafélagið ehf / Hamborgarabráttur, VÍS, Hagkaup, Ísfall, Slippurinn á Akureyri, BRIM Seafood Stálsmiðjan Framtak, Svefn og heilsa, Héðinn-Smiðja, DNV, Frystiklefi, Skeljungur, Scanmar á Íslandi, Scanver, Tryggingamiðstöðin, Varma og vélaverk, Dögun hf, Valitor, Gjögur, Höfði fasteignisala og Dynjanda sem skilaði í tekjur kr. 4.3 milljónum 2015 og 3.6 milljónum 2016

Endurnýjun búninga voru á tímabilinu meðal annars í sambandi við Smáþjóðaleika þar sem ÍSÍ gaf keppendum búninga. Einnig var farið í samstarf við Svefn og heilsu og Altís um búninga.

Undanfarna áratugi hefur eigið fé FRÍ verið neikvætt. Á starfstíma núverandi stjórnar hefur orðið verulegur viðsnúningur á rekstri Sambandsins og er eigið fé nú jákvætt sem nemur tæpum 6 milljónum. Sambandið fær rekstrarstyrki frá alþingi, IAAF og EAA til að halda úti skrifstofu. Afrekssjóður er með styrki til sambandsins vegna afrekssfólksins

Rekstur og umfang hreyfingarinnar í heild hefur vaxið undanfarna ár eins og t.d. fjöldi skráðra afreka gefur vísbendingu um. Um aldamótin voru rúmlega 17 þús. afrek færð á afrekaskrá. Á síðasta ári voru þau þrefallt fleiri, eða yfir 52 þúsund. Þessar tölur eru skýr vísbending um aukið umsvif hreyfingarinnar. Jafnfræði kynjana er mjög í samræmi við fjölda iðkenda, með öðrum orðum því sem næst jöfn, konur ívið fleiri samt

Tækni-, mannvirkja- og aðstöðumál

Gerðar eru vaxandi kröfur til framkvæmda á mótum innan hreyfingarinnar, ekki síst alþjóðlegar. Sambandið hefur því sett fram drög að reglum um vallarskilyrði og búnað sem þarf að vera til staðar við tiltekin mót. Þessar reglur hafa verið

sendar sambandsaðilum til umsagnar. Stuðst er við alþjóðlegar kröfur um búnað, áhöld og önnur tæki sem til þarf vegna frjálsíþróttamóta.

FRÍ samþykkti fyrir fjórum árum að staðfesta aðeins árangur í götuhlaupum, þar sem vegalengd væri mæld með viðurkenndum hætti. Árangurinn var slíkur að nú vill helst enginn hvorki framkvæma götuhlaup eða taka þátt í slíku hlaupi nema að það sé réttilega mælt. Nú er EAA búið að innleiða gæðakerfi fyrir götuhlaup í Evrópu. Þar er tekið tillit til framkvæmdar hlaupa og þeirrar þjónustu og öruggis sem í boði er hverju sinni. Augljóst er að við þurfum að innleiða slíkt kerfi hér á landi í nánustu framkvæmd, rétt eins og við gerum kröfur til hefðbundinna frjálsíþróttamóta líka.

Þótt ætla megi að fjalla- og utanvegahlaup séu framkvæmd eftir aðstæðum hverju sinni gilda um þau alþjóðlegar reglur líka. Verkefni FRÍ á næstu árum verður að vinna að innleiðingu og almennrar viðurkenningar á þessum reglum hér á landi líka.

Formaður FRÍ átt fundi með fulltrúum Reykjavíkurborgar vegna aðstöðumála á tímabilinu. Vakin var athygli á þeirri nauðsyn að aðstæður uppfylli almenn skilyrði sem gerð eru til framkvæmda frjálsíþróttamóta og til þess að árangur geti talist viðurkenndur sem og til æfinga og þjálfun. Á fundinum var ályktun vorfundar FRÍ frá 27. febrúar 2015 áréttuð varðandi Laugardalsvöllinn sem alþjóðlegan frjálsíþróttavöll Frjálsíþróttasambands Íslands til framtíðar. Ályktun Vorfundar FRÍ var þessi:

„Laugardalsvöllur er alþjóðlegur frjálsíþróttavöllur frjálsíþróttahreyfingarinnar í landinu og er vel fallin til að gegna því hlutverki með glæsibrag með hlutfallslega lágum tilkostnaði. Frjálsíþróttir hefur verið unnt að stund á Laugardalsvelli frá því að hann var byggður. Frjálsíþróttasamband

Íslands hefur enga ástæðu til að ætla annað en að Laugardalsvöllurinn verði til framtíðar eini 8- brauta frjálsíþróttavöllurinn á höfuðborgarsvæðinu sem uppfyllir kröfur um alþjóðlegt mótahald. Frjálsíþróttahreyfingin í landinu horfir til þess að geta í framtíðinni átt gott samstarf við KSÍ um sameiginlega nýtingu Laugardalsvallar fyrir landskeppnir og stærri viðburði í frjálsíþróttum. Frjálsíþróttasamband Íslands telur mikla þörf á að tveir til þrír 6-brauta æfinga- og keppnisvellir verði reistir á höfuðborgarsvæðinu á næstu árum.”

Ályktunin var talin nauðsynleg vegna undirritaðs bréfs hjá Reykjavíkurborg af formanni KSÍ og þáverandi formanni FRÍ þess efnis að alsherjar ómögulegheit væru því samfara að KSÍ og FRÍ deildu með sér Laugardalsvelli fyrir alþjóðlega viðburði í íþróttum sínum. Bréfið bauð þeirri hættu heim að tímalínur í atburðarás sem ætlað væri að skilja á milli aðstöðu KSÍ og FRÍ sköruðust verulega og að frjálsíþróttavöllurinn yrði eyðilagður löngu áður en nokkurt samkomulag lægi fyrir um það hvar og hvenær alþjóðlegur 8. brauta völlur fyrir frjálsíþróttir væri upp kominn og hreyfingunni aðgengi- legur. Einungis láu fyrir ósamþykkt drög að staðsetningu og skipan mögulegs vallar í Laugardal en deiliskilulag gerði ekki ráð fyrir að hýsa frjálsíþróttavöll á þeim stað sem lagður var til og ekkert samþykki fyrirbyggjandi fyrir framkvæmdum eða kostnaði. Sambandsaðilar þurfa að standa vörð um að hagsmunum frjálsíþróttahreyfingarinnar í landinu verði ekki fórnað fyrir minni hsagsmuni eða draumsýn sem ekki er í hendi.

Á formannafundi Norðurlandann 10.-11. mars 2016 var

samþykkt að Ísland haldi Norðurlandameistaramót í frjálsíþróttum innanhús sem tímasett hefur verið í febrúar 2018. Til að svo megi verða þarf að kosta nokkru til við endurnýjun á hlaupabrautum og búnaði í frjálsíþróttahöllinni í Laugardal og þörf á að huga að þeim málum tímanlega þannig að Ísland missi ekki af því tækifæri að halda mótið þá og á fjögurra ára fresti eftir það.

Lokaorð

Árið 2015 var einstakt í frjálsíþróttasögunni fyrir margra hluta sakir og ekki hvað síst vegna þess að á þingi IAAF í Peking dagana fyrir HM í frjálsíþróttum greiddu fulltrúar frjálsíþróttasambanda heimsins í fyrsta sinn atkvæði í vali milli tveggja frambjóðenda til forseta IAAF. Spennan var mikil í salnum á kosningaþingi IAAF í Peking þegar kosið var í fyrsta sinn í sögu Alþjóðfrjálsíþróttasambandsins, IAAF, milli tveggja frambjóðenda til embættis forseta. Ræður frambjóðenda, Sergey Bubka og Sebastian Coe voru magn- aðar og öllum ljóst að framtíð IAAF væri í góðum höndum hvor þeirra sem fengið keflið næstu fjögur árin. Sebastina Coe hlaut 115 atkvæði og Sergey Bubka 92 atkvæði. Í kosningu til varaforseta hlaut Sergey Bubka 187 atkvæði eða um 90% atkvæða sem gerist vart betra. Bubka er formaður prouarnefndar IAAF og gegnir veigamiklu hlutverki í samstarfi IAAF við sérsambönd aðildarþjóða. Í ræðu sinni fyrir kosningarnar áréttaði Sebastian að hann muni tryggja sérsamböndum stórauðna fjárhagslega aðstoð frá IAAF frá því sem verið hefur og í sama streng tók Bubka. Ljóst var því að tveir af fremstu frjálsíþróttamönnum sögunnar munu halda um stýri frjálsíþróttasamstarfsins næstu árin og mikils að vænta á komandi misserum og árum. Í aðdraganda kosninganna í Peking og fyrr á árinu 2015 átti formaður FRÍ samtöl og fundi með frambjóðendum þar sem m.a var rætt um hugmyndir og leiðir til að fjölga fylgjendur og stuðnings- mönnum frjálsíþróttu. Í þeim samtölum bar á góma spurningin; Hvers vegna eru áherslur í frjálsíþróttastarfi félaga, landssambanda, svæðisambanda og alþjóðasambandsins eins og þær eru í dag? Spurningin vakti upp frjóa umræðu um frjálsíþróttastarfið í heild sinni og svörin vörpuðu ljósi á það að auðveldara er að tala um hvernig og hvað menn hafa verið að gera og hafa áhuga á að gera en að ræða um það hvers vegna starfsemin er eins og hún er.

Frjálsíþróttarárið 2015 á Íslandi var áframhaldandi upp- skeruár á því góða starfi sem unnið hefur verið, af hundruðum sjálfboðaliða og fagaðila, í félögunum og meðal sambands- aðila. Sérstakt gleðiefni er að hundruðir frjálsíþróttamanna náðu að sýna þúsundir framfaraspora á árinu og sögulega margir náð háu getustigi í íþrótt sinni og stefna á hæstu tinda í landslagi frjálsíþróttanna. Til að geta þjónustað þann fjölda frjálsíþróttamanna sem stefna á hátt er

mikilvægt að sambandsaðilum takist, með íþróttu- og upp- eldislega ábyrgum hætti, að ná árangri á þeim sviðum sem sambandsaðilar tilgreindu sérstaklega um í spurningakönnun stefnumótunarverkefnis sem Björg Ágústsdóttir kynnti á 59. þingi sambandsins. Að sambandsaðilum öðlist gæfa til að auka samstarf og samráð á öllum sviðum starfsins.

Með frjálsíþróttakveðju og bestu óskum til sambandsaðila og nýrrar stjórnar.

Einar Vilhjálmsson, formaður FRÍ.



Skýrslur nefnda

Viðaukar

Almenningshlaupanefnd FRÍ

Almenningshlaupanefnd 2014-2016 skipuðu eftirtalin: Sigurður Pétur Sigmundsson, formaður, Borghildur Valgeirsdóttir, Hafsteinn Óskarsson, Starri Heiðmarsson og Þorlákur Jónsson.

Formlegir fundir nefndarinnar voru þrír á starfstímabilinu en auk þess höfðu nefndarmenn oft samskipti með öðrum hætti svo sem með tölvupósti. Helstu verkefni nefndarinnar voru eftirfarandi:

Meistaramót í götuhlaupum

Nefndin gerði tillögur til stjórnar FRÍ um staðsetningu og framkvæmdaraðila meistaramóta FRÍ í götuhlaupum. Meistaramótið í 5 km götuhlaupi árin 2014 – 2016 fóru fram samhliða Víðavangshlaupi ÍR. Meistaramótið í 10 km götuhlaupi árið 2014 fór fram samhliða Ármannshlaupinu en árin 2015 og 2016 samhliða Stjörnuhlaupinu. Meistaramótið í hálfmaraðonhlaupi árin 2014 og 2015 fóru fram samhliða Akureyrarhlaupinu og verður það einnig árið 2016. Meistaramótið í maraðonhlaupi 2014 og 2015 fóru fram samhliða Reykjavíkumaraðonni og verður það einnig árið 2016.

Kærumál

Tvenn kærumál komu til umfjöllunar í nefndinni sem var stjórn FRÍ til ráðgjafar. Annars vegar kærði Pétur Sturla Bjarnason Arnar Pétursson fyrir að hafa notið ólögðs aðstoðar í Reykjavíkumaraðonni 2014 og hins vegar kærði Fjölnir úrslit í Meistaramóti Íslands í 5 km götuhlaupi sem fram fór samhliða Víðavangshlaupi ÍR árið 2015. Bæði þessi mál fengu mjög mikla umfjöllun og sýndu fram á nauðsyn þess að lög og reglur um mótahald séu sem skýrust og mikilvægi þess að eftir þeim sé farið. Í kjölfarið var ákveðið að FRÍ myndi skipa yfirdómara þegar meistaramót í götuhlaupum fara fram.

Gæðakerfi Evrópusambandsins

Formaður nefndarinnar sótti fund Evrópska frjálsíþróttasambandsins (European Athletics) um framkvæmd götuhlaupa í París 4. – 5. feb. 2015. Efni fundarins var að kynna og fara yfir tillögur EA um nýtt og samræmt gæðakerfi (Safety and Quality standards) sem frjálsíþróttasamböndum gefst kostur á að innleiða í sínum löndum í samstarfi við EA. Gæðakerfinu er sérstaklega ætlað að taka á þáttum er varða öryggi þátttakenda í hlaupaviðburðum svo og gæðum framkvæmdarinnar. Gert er ráð fyrir því að flokka hlaupaviðburði í einnar stjörnu hlaup, þriggja eða fimm stjörnu hlaup, allt eftir því hversu mikið er lagt í framkvæmdina. Fram kom hjá forsvarsmönnum EA að sambandið hefur mikinn áhuga á að víkka út starfsemina. Frjálsíþróttir ættu ekki einungis að vera fyrir afreksfólk. Mikilvægt væri að ná einnig til þeirra sem eru með það markmið að hreyfa sig fyrst og fremst fyrir heilsuna. Markmiðið væri að sameina alla þá hreyfingu sem fella má undir frjálsíþróttir (athletics). Til að svo geti orðið þarf að kappkosta að veita góða þjónustu. Breytingar hafa orðið undanfarin ár og áratugi í þörfum og kröfum. Fólk hefur mun meiri tíma til afþreyingar en áður. Vinnur minna og lifir lengur. EA byrjaði að vinna að þessum

áherslubreytingum árið 2012. Mikilvægt að átta sig á því þegar kemur að fjöldaþlaupum að fólk hefur mismunandi ástæður fyrir því að hlaupa. Það er líka tækifæri til að ná til þeirra sem hreyfa sig ekkert.

Fram kom að mikilvægt er að frjálsíþróttasambönd nái að halda utan um hlaupaviðburðina og geti þjónustað þá. Ná þarf góðri tengingu við hlauphaldara (félög og hópa) svo og hlauparana. Nýta þarf tækifæri til aukinnar samvinnu og sýna fram á að gott utanumhald og samræmt kerfi við framkvæmd hlaupaviðburða kemur öllum til góða. Hlauphaldarar þurfa að líta á það sem ávinning og viðurkenningu að vera hluti af slíku fyrirkomulagi. Það ætti að auðvelda þeim að fá fleiri þátttakendur að geta sýnt fram á staðfestingu frá frjálsíþróttasambandi um að framkvæmd hlaupsins væri samkvæmt stöðlum (standards) og eftirlit væri til staðar. Markmiðið með þessu kerfi er ekki að vera „lögregla“ heldur að hjálpa hlauphöldurum að gera hlaupin betri.

Mælingar götuhlaupa

Nefndin hefur verið í reglulegu samstarfi við mælingarmennina þrjá sem sinnt hafa því verkefni að mæla hlaupaleiðir og vera hlauphöldurum jafnframt til ráðgjafar við val á hlaupaleiðum. Fleiri og fleiri götuhlaup eru nú löglega mæld sbr. fjölgun rauðmerktra hlaupa í hlaupadagskrá hlaup.is. Skrifstofa FRÍ hefur haft milligöngu um að bjóða upp á þessa þjónustu. Því miður hefur verið nokkur brotalöm á því undanfarin tvö ár og er mikilvægt að FRÍ geri þar bragarbót á.

Heimsmeistaramót í hálfmaraðonni

Nefndin lagði til að send yrði þriggja manna sveit til keppni í Heimsmeistaramótinu í hálfmaraðonni sem fram fór í Cardiff 26. mars 2016. Niðurstaðan varð sú að FRÍ kostaði þátttöku Kára Steins Karlssonar en Arnar Pétursson og Ármann Eydal Albertsson fjármögnuðu sjálfir þátttöku sína. Var þetta í annað skiptið í röð sem þátttakendur eru sendir á HM í hálfmaraðonni en árið 2014 tóku 6 Íslendingar þátt í hlaupinu sem fram fór í Kaupmannahöfn.

Ábendingar:

1. Mikilvægt að kynna og fylgja eftir reglum um framkvæmd götuhlaupa. Innleiðing gæðakerfis Evrópusambandsins er ekki endilega rétta leiðin þar sem mjög fá hlaup á Íslandi eru líkleg til að geta mætt stöðlum þess. Áhuga-verðara væri að kanna möguleikann á að innleiða fyrirkomulag breska frjálsíþróttasambandsins. Það byggir á leyfisveitingum þar sem hlauphaldarar fá leyfi til eins árs í senn til að framkvæma hlaup samkvæmt umsömdum skilyrðum. Í staðinn fá þeir ýmsa þjónustu frá sambandinu.
2. Tryggja þarf starfsumhverfi mælingarmanna en þjónusta þeirra er forsenda þess að hlaupaleið geti talist lögmæt. Gæta þarf jafnframt að því að hlaup verði endurmæld þegar 5 ára gildistími mælingar rennur út.
3. Ætli FRÍ sér það hlutverk að halda utan um hlaupaviðburði verður skrifstofa sambandsins að geta þjónustað

- hlauphaldara og hlaupara.
4. Í ljósi aukins áhuga hlauphaldara á að halda Íslandsmeistaramót í götuhlaupum er athugandi að óska framvegis eftir umsóknum um framkvæmd allra vegalengdanna/mótanna.
5. Mikilvægt að FRÍ gefi bestu hlaupurum landsins tækifæri til að taka þátt í stórum verkefnum svo sem Heimsmeistaramóti, Evrópumóti og Norðurlandamóti.
6. Mikilvægt að uppfæra afrekaskrá FRÍ í götuhlaupum til að mæta auknum áhuga hlaupara fyrir afrekaskrá.

Skýrsla Íþróttá- og afreksnefndar FRÍ

Undirritaður var formaður Íþróttá- og afreksnefndar hluta síðasta starfstímabils en lét af störfum 5. nóvember síðastliðinn eða fyrir tæplega ½ ári síðan.

Í upphafi starfstímabilsins voru í nefndinni auk formanns Þórey Edda Elísóttir, Unnur Sigurðardóttir, Egill Eiðsson og Þorsteinn Þórsson.

Þórey Edda gegndi jafnframt starfi verkefnisstjóra landsliðsmála á þessum tíma og vann náð með nefndinni enda hluti af henni. Hún var jafnframt tengiliður okkar við stjórn.

Snemma á starfstímabilinu breyttust aðstæður Þóreyjar Eddu, hún flutti út á land og sagði upp starfi sínu hjá FRÍ og í kjölfarið hætti hún í Íþróttá- og afreksnefnd.

Við sem eftir sátum í nefndinni fundum fljótt og vissum svo sem fyrir að án starfsmanns í málaflökknum yrði starf nefndarinnar erfitt ekki síst þegar sjá þarf á eftir jafn öflugum starfsmanni og Þóreyju Eddu.

Fyrir atbeina Einars formanns var komið á yfirþjálfara nefnd sem m.a. átti að einhverju leiti að vinna starf PEE. Það starf komst að mínu mati aldrei á flug enda þjálfarnir flestir í fullu starfi auk yfirþjálfarastarfsins og einfaldlega ekki í stakk búnir til að bæta við sig meiri vinnu í sjálfboðastarfi.

Ekki varð það til að gera starf ÍPA auðveldara að afar seint gekk að manna Unglinganefnd FRÍ og komu ýmis mál sem sú nefnd hafði haft á sinni könnu upp á borð til okkar.

Nefndin starfaði engu að síður áfram og vann með stjórn að vali á mót eins og Smáþjóðaleika og Evrópukeppni landsliða auk unglingamóta þar sem Unglinganefnd var ekki komin á koppinn eins og fyrr hefur komið fram. Skömmu eftir lok síðasta keppnistímabils utanhúss tók undirritaður ákvörðun um að láta gott heita. Það sama gerðu Egill og Þorsteinn.

Engu að síður hafði Einar formaður samband við okkur og bað okkur um að gera tillögu að tveimur afrekshópum A og B sem við og gerðum þótt aðeins Unnur væri enn í nefndinni. Við litum svo á að stjórn FRÍ gæti leitað til þeirra sem hún treysti best um slík málefni. Markmið FRÍ var að fá eitthvað í hendurnar frá okkur til að auðvelda umsókn um afreksstyrki til ÍSÍ.

Niðurstaða okkar var eftirfarandi og var íþróttafólkinu í raðað eftir getu eins og við máttum stöðuna síðastliðið haust.

A hópur

1. Ásdís Hjálmsdóttir
2. Anita Hinriksdóttir
3. Hafís Sigurðardóttir
4. Hulda Þorsteinsdóttir
5. Arna Stefánía Guðmundsdóttir
6. Guðni Valur Guðnason
7. Guðmundur Sverrisson
8. Einar Daði Lárusson

B hópur

1. Hilmar Örn Jónsson
2. Sindri Hrafn Guðmundsson
3. Stefán Velemir

4. Krister Blær Jónsson
5. Kolbeinn Höður Gunnarsson
6. Hlynur Andrússon
7. Kristinn Þór Kristinsson
8. Hrafnhild Eir Hermóðsdóttir

Rétt er að benda á að 2 af okkar mestu afreksmönnum síðustu árin Óðinn Björn og Kári Steinn eru ekki á þessum listum en fram kemur í grein 5.2. um starfsreglur afrekssjóðs ÍSÍ að mikilvægt sé að íþróttafólkið sé í framför.

Þar sem hvorki Óðinn Björn né Kári Steinn hafa bætt árangur sinn frá því fyrir OL í London 2012 ákváðum við að hafa þá ekki á þessum listum en vonum jafnframt að þeir komi sterkir inn seinna enda mikilvægir fyrir okkar litla frjálsíþróttasamfélag.

Ég vil ítreka að stjórn FRÍ á alltaf síðasta orðið nefndirnar eru ráðgefandi en valdalaugar.

Þau gleðilegu tíðindi bárust mér í pósti nýverið að rekstur FRÍ hefi tekið stakkarskiptum til hins betra og hagnaður væri 1000 falt meiri en hann var á starfsárinu þar á undan. Það eru greinilega bjartir tímar framundan og það er von mín að hluti þess hagnaðar verði notaður til að ráða verkefnastjórna landsliðsmála.

Að endingu vil ég þakka samstarfsfólki mínu vítt og breytt í hreyfingunni samstarfið og sérstakar þakkar fá félagar mínir í ÍPA.

Með ósk um gott frjálsíþróttarár,

Jón Sævar Þórðarson

Laganefnd FRÍ.

Laganefnd FRÍ 2014-2016 skipuðu eftirtaldir: Ásbjörn Karlsson formaður, Sigurður Haraldsson og Stefán Bogi Sveinsson. Einn formlegur fundur var haldinn á tímabilinu, en vegna dreifðrar búsetu fóru öll önnur samskipti nefndarmanna fram um tölvur eða síma.

Skv. lögum og reglugerðum FRÍ er hlutverk laganefndar, að vera stjórn FRÍ til ráðgjafar um mál sem varða lög og reglugerðir FRÍ og annarra aðila, svo og um meðferð kærumála.

Nokkrum málum af þessum toga var vísað frá stjórn til nefndarinnar, sem gaf álit sín til stjórnar.

Þá unnu laganefndarmenn að frágangi mála frá síðasta þingi, og hafa yfirfarið tillögur sem borist hafa fyrir komandi frjálsíþróttaping.

Ásbjörn Karlsson,

formaður laganefndar.

Ofurhlauparáð FRÍ

Verkefni ofurhlauparáðs voru helst þessi á tímabilinu:

1. Ofurhlauparáð aðstoðaði við þátttöku íslendinga vegna umsóknar um þátttöku í HM í utanvegahlaupi á árinu 2015 sem haldið var í Frakklandi. Þetta var í fyrsta sinn sem íslensk sveit tók þátt í þessu hlaupi. Þriggja manna sveit tók þátt í keppninni og stóðu þeir sig með ágætum. Þorbergur Ingi Jónsson sló í gegn í hlaupinu þegar hann náði 9. sæti.
2. Tilnefningar ofurhlauparáðs á ofurhlaupurum ársins voru sem hér segir:
 - a. Ofurhlauparar ársins 2014 voru: Þorbergur Ingi Jónsson og Elísabet Margeirsdóttir
 - b. Ofurhlauparar ársins 2015 voru: Þorbergur Ingi Jónsson

og Elísabet Margeirsdóttir

3. Ofurhlauparáð lagði til að Þorbergur Ingi Jónsson væri tilnefndur frjálsíþróttakarl ársins 2015. Stjórn FRÍ tók undir rök ofurhlauparáðs og tilnefndi Þorberg frjálsíþróttakarl ársins 2015 í ljósi afreka hans þegar hann varð í 9. sæti í heimsmeistaramóti í utanvegahlaupum í Frakklandi í maí 2015. Þessi tilnefning braut blað í sögu ofurhlaupa og frjálsra íþrótta á Íslandi þar sem þetta var í fyrsta sinn sem íþróttamaður sem ekki stundar hinar hefðbundnu greinar frjálsra íþrótta hlýtur þessa tilnefningu.

Með kveðju

Gunnlaugur A. Júlíusson

Skýrsla Mótanefndar FRÍ 2014-2016

Mótanefnd FRÍ skipa eftirtaldir einstaklingar:

Ólafur Guðmundsson HSK formaður.

Fríða Rún Þórðardóttir ÍR

Starf mótanefndar fór að mestu fram í gegnum tölvupósta og síma ásamt því að nefndarmenn hittust á hlaupum á helstu mótum þessa tveggja ára tímabils.

Nefndarmenn og framkvæmdarstjóri FRÍ og síðar Formaður FRÍ köstuðu á milli sín hugmyndum sem að lokum var undirstaðan fyrir drög að mótaskrá FRÍ ásamt lausn fleiri mála hjá nefndinni.

Núverandi mótanefnd tók formlega til starfa í september 2014 að loknu FRÍ þingi á Akureyri þar sem nefndarmenn Mótanefndar FRÍ hafa verið meðlimir hennar síðan 2010 var vinna hennar í nokkuð föstum skorðum og fundir voru í ríkari mæli í gegnum tölvu og síma, en mesti álagstími nefndarinnar er á haustin þegar koma þarf saman drögum að nýrri mótaskrá fyrir næsta ár.

Endurskoðun á úthlutunarkerfi FRÍ móta (MÍ og bikarkeppnir) var gerð í lok árs 2012 bæði fyrir innan- og utanhússtímabilið 2013-2018 og uppfærð í upphafi árs 2014 þar sem m.a. umsjón með Bikarkeppni FRÍ var færð aftur til FRÍ. Eftir þessu kerfi hefur svo verið unnið síðan og gengið nokkuð vel. Ákveðnar forsendur voru hafðar að leiðarljósi við uppsetningu mótaúthlutunarkerfisins; eins og hvort völlur væri á svæði félags til að halda svona mót, hvort viðkomandi félag væri í stakk búið að halda mótin (starfsmenn), þátttaka á mótum FRÍ undanfarinna ára o.s.frv. Það sem helst hefur verið gagnrýnt er að ekki skuli hafa verið tekið tillit til innanhússmótanna við úthlutun utanhússmótanna. Nú styttist í endurskoðum mótaúthlutunarkerfissins en sú vinna þarf að eiga sér stað 2017.

Vinna mótanefndar fór ávallt fram með lýðræðislegum hætti þar sem forsvarsmenn félaganna sendu nefndinni dagsetningar á sínum helstu félagsmótum sem vorum settar óbreyttar í mótaskrárdrögin ef það stangaðist ekki á við MÍ mótin og Bikarkeppnir en FRÍ mótin eiga að ganga fyrir. Varðandi þau mót þá voru dagsetningar þeirra ræddar í nefndinni og þurfti að hafa í huga dagsetningar stórmóta á erlendum vettvangi við afgreiðslu FRÍ mótanna. Sló svo formaður nefndarinnar þau mót ásamt öllum hinum í excel og sendi á formann og stjórn FRÍ til umsagnar áður en drögin voru send á félögin og síðan lögð fyrir mótaþingið. Þar var mótaskrá FRÍ endanlega afgreidd og að því loknu sett inn á heimasíðu FRÍ.

Mótanefnd hefur nú gert uppkast að mótaskrá FRÍ fyrir árið 2017 sem er til skoðunar á þessu þingi.

Mótaröð FRÍ sem inniheldur sex mót; Vormót HSK, JJ mót Ármanns, Vormót ÍR, Kastmót FH, Breiðabliksmótið og UFA mótið framhaldið sumrin 2014-2015. Gekk mótaröðin þokkalega fyrir sig. Nú þarf bara að þróa hana ennfrekar með það að markmiði að fjölga keppendum og efla og kynna frjálsar. Það er búið að setja á fót nefnd til að ganga í þetta verkefni sem

vonandi skilar niðurstöðu innan ekki svo langs tíma.

Fleir mál eru í endurskoðun sem tengjast mótanefnd. Bikarkeppni FRÍ (utanhúss) sem átti 50 ára afmæli á síðsta ári hefur átt undir högg að sækja sem olli því meðal annars að hún féll niður árið 2015. Bikarkeppnisnefndin svokallaða sem stofnuð var haustið 2015 hefur fundað og vonandi kemur niðurstaða frá henni fljótlega.

Gamalgrónir viðburðir eins og Viðangshlaup Íslands, Skólahlaup FRÍ og Maraðonhlaup FRÍ þarf að hlúa að og leggur Mótanefnd mikla áherslu á að gefast ekki upp á þeim og hefur því komið með tillögu þar af lútandi (fylgiskjal 2) Auk þessara punkta hefur mótanefndin lagt mikið upp úr því að mótum verði almennt gert eins hátt undir höfði og vandað til umgjörðar þeirra eins og nokkur kostur er því þá er meiri virðing borin fyrir mótunum bæði af keppendum og starfsmönnum. Gengu mót sumarsins 2014-2015 með ágætum.

Tekið var í notkun nýtt mótaforrit árið 2015 sem Friðrik Þór Óskarsson eða Fíffó eins og hann er oftast kallaður, hefur haft veg og vanda að. Eru flestir sammála um að þetta hafi verið mikið framfaraskref fyrir frjálsíþróttahreyfinguna. Mótanefnd vill koma á framfæri sérstökum þökkum til Fíffós, fyrir ótrúlega eljusemi og gott starf fyrir hreyfinguna við úrvinnslu móta og utanumhald á afreka- og metaskrár ofl.

Að endingu skal þess getið að nú hafa tvær innanhússfrjálsíþróttahallar verið í notkun í rúmt ár hér á landi og ljóst að sú aðstaða sem þar er fyrir hendi hefur eflt og mun efla áfram enn frekar frjálsíþróttir og mótahald á Íslandi í framtíðinni.

Form. mótanefndar FRÍ

Ólafur Guðmundsson

Skráningarnefnd FRÍ

Síðustu tvö ár hefur lítið komið inn á borð til skráningarnefndar af ábendingum til leiðréttingar, en á meðan tók Friðrik Þór sig til og smíðaði nýtt mótaforrit sem er komið í notkun og var það mjög passlegt því fyrir stuttu síðan hrundi gamla mótaforritið. Það er von okkar að þetta mótaforrit eigi eftir að duga okkur lengi og kunnum við Friðrik Þór miklar þakkir fyrir.

Kveðja

Felix Sigurðsson

Tækninefnd FRÍ

Tækninefnd FRÍ hefur starfað síðan á Frjálsíþróttþingi vorið 2014 undir formennsku undirritaðs. Þennan tíma hafa verið tilgreindir í nefndinni fyrst og fremst reyndustu frjálsíþróttadómarar okkar sem jafnframt eru tilbúnir til að taka að sé starf yfirdómara á mótum þeim sem FRÍ skipa yfirdómara. Þessir einstaklingar hafa gengt störfum yfirdómara á þessum tíma: Guðmundur Víðir Gunnlaugsson, Gunnhildur Hinriksdóttir, Katrín Sveinsdóttir, Magnús Jakobsson, Rósa Marinósdóttir, Sigurður Haraldsson og Þorsteinn Þorsteinsson. Þróunin undanfarin ár hefur verið sú að þeim fjölga sífellt þeim mótum sem FRÍ skipar yfirdómara á. Auk meistaramóta á öllum aldurstigum þá eru einnig Landsmót UMFÍ, Unglingalandsmót UMFÍ og Landsmót 50+.

Auk þess hefur nefndin með höndum dómarafræðslu, þ.e. að halda regluleg dómara námskeið. Tveir nefndarmenn í tækninefndinni, Þorsteinn Þorsteinsson og Sigurður Haraldsson, hafa séð um kennsluna á námskeiðunum, yfirleitt með því að skipta tveggja daga námskeiðunum á milli sín. Á árunum 2014 til loka mars 2016 voru haldin fjögur námskeið, tvö í Reykjavík, eitt í Hafnarfirði og eitt á Sauðárkróki. Alls tóku héraðsdómarapróf 30 manns og að auki þrír sem sátu fyrirlestrana. Að undanfögnu hefur verið boðið upp á þann

möguleika að taka aðeins hluta af héraðsdómaranámskeiði og fá síðan titil greinastjóra, t.d. í hlaupum, stökkum eða köstum. Hingað til hafa allir sem sækja námskeiðin tekið þau í heild sinni.

Það er einnig umtalsverð vinna sem tækninefndarmenn leggja af mörkum við reglubundin alþjóðleg mót, svo sem Smáþjóðaleikana í Reykjavík 2015, Reykjavík International Games (RIG) 2015 og 2016. Aðrir alþjóðlegir viðburðir á borð við Reykjavíkumaraþon eru nú á dagskrá tækninefndar FRÍ og FRÍ að skipa yfirdómara, einkum þar sem þeir eru jafnframt Meistararnót Íslands í einhverri tiltekinni keppnisgrein.

Síðast en ekki síst ber að nefna að það er á verkefnaskrá tækninefndarinnar að uppfæra keppnisreglur Alþjóðafriðs-íþróttasambandsins (IAAF). Síðasta endurskoðunin kom á heimasíðu FRÍ vorið 2014 og von er á nýrri uppfærslu fyrir utanhússkeppnistímabilið á sumri komandi.

Formaður tækninefndar FRÍ.

Þorsteinn Þorsteinsson

Unglinganefnd FRÍ

Meðlimir nefndarinnar og samstarfsaðilar

Undirritaðar hafa starfað í unglinganefnd FRÍ frá vor-mánuðum 2015. Frá hausti 2015 störfuðu Guðmundur Smári Daníelsson, Haraldur Úlfarsson og Þór Daníel Hólm einnig í nefndinni. Auk þess var nærri undantekningarlaust sem unglingaþjálfararáð FRÍ tók þátt í fundum og tölvupóstsamskiptum og kemur það vel út að mati skýrsluhöfunda. Góður hópur þar á ferð. Unglingaþjálfararáð FRÍ skipuðu þau Alberto Borges Bosque Breiðabliki, Elísabet Ólafsdóttir FH, Hlynur Guðmundsson Aftureldingur, Hörður G. Gunnarsson ÍR, Lovísa Hreinsdóttir UÍA, Óskar Hlynsson Fjölni, Rúnar Hjálmarsson Þór Þorlákshöfn, Unnar Vilhjálmsson UFA, Þuríður Yngvarsdóttir Selfossi og Örvar Ólafsson Ármanni. Lóa B. Hallsdóttir var tengiliður stjórnar FRÍ við nefndina. Alls fundaði nefndin þrívægis frá hausti og fram að áramótum auk töluverðra samskipta í tölvupóstum.

Helstu verkefni á starfstímanum var að velja keppendur á Ólympíuhátíð Evrópuæskunnar í Tbilisi í Georgíu 27. júlí – 1. ágúst og Norðurlandamót Ungmenna 19 ára og yngri sem fram fór í Espoo í Finnlandi 29.-30. ágúst.

Ferðin til Tbilisi var farin í samstarfi við ÍSÍ. Fyrir ferðina var farið á æfingabúðir til Bosön í Svíþjóð sem hófust 22. júlí. Ákveðið var að senda 6 keppendur á mótið og voru stíga-hæstu ungmennin fædd 1999 og 2000 valin til keppinnar. Auk þess að velja keppendur fólst starf nefndarinnar í samskiptum við ÍSÍ, keppendur, þjálfara og foreldra í aðdraganda ferðarinnar sem og að finna út úr keppnisfatnaði og öðru skipulagi. Keppendur FRÍ voru Bjarki Freyr Finnbogason ÍR (200m, 400m), Daði Arnarsson Fjölni (800m), Hilda Steinunn Egilsdóttir FH (stangarstökk), Hildigunnur Þórarinsdóttir ÍR (100m grindahlaup, langstökk), Styrmir Dan Steinunnarson Þór Þorlákshöfn (hástökk, spjótast) og Þórdís Eva Steinsdóttir FH (400m). Elísabet Ólafsdóttir var þjálfari FRÍ í ferðinni. Bestum árangri keppenda náði Þórdís Eva Steinsdóttir sem hafnaði í 5. sæti í 400m hlaupi, hljóp á 56,24 sek sem er frábær árangur. Ferðin heppnaðist vel fyrir utan nokkur vandamál sem komu upp á mótsstað og snéru að aðstöðumálum og framkvæmdaraðila mótsins og þrátt fyrir óvenjulegt veðurfar en hitinn fór upp og yfir 40°C á keppnisdögunum. Einnig lentu flestir keppendur Íslands í einhverjum magavandamálum á meðan á mótinu stóð og hafði það töluverð áhrif á árangur og líðan og jafnvel í nokkurn tíma eftir að heim var komið. Elísabet ritaði ítarlega skýrslu á kjölfar ferðarinnar sem send var ÍSÍ til upplýsingar.

Valið á NM 19 ára og yngri var heldur umfangsmeira og

kallaði á töluvert samstarf við Dani en Ísland sendi sameiginlegt lið með Dönum eins og verið hefur undanfarin ár. Forsendur fyrir vali Íslands voru eftirfarandi: Annars vegar þeir sem náðu EMU20 lágmarki* og fengu sjálfkrafa þátttökurétt og hins vegar þeir sem áttu árangur sem var > 900 IAAF árangursstig eða meira**. Á meðan á valinu stóð voru helstu samskiptin við þjálfara íþróttamannanna varðandi greinaskip-an en einnig við Hauk framkvæmdastjóra FRÍ varðandi ferða-tilhögun og bókanir. Einnig voru mikil samskipti við Danina undir lokin þegar verið var að semja um greinaskipan sem og við Finnana vegna skráningar á mótið. Þeir sem kepptu voru: Vigdís Jónsdóttir FH (sleggjukast*), Þórdís Eva Steinsdóttir FH (200m, 400m*), Hilmar Örn Jónsson FH (sleggjukast, kringlukast*), Tristan Freyr Jónsson ÍR (100m, 200m, langstökk, grindahlaup*), Andrea Kolbeinsdóttir ÍR (1500m, 3000m hindrunarhlaup*), Guðbjörg Jóna Bjarnadóttir ÍR (400m grindahlaup*), Irma Gunnarsdóttir Breiðabliki (100m grind, spjótast,

kúluvarp**), Kormákur Ari Hafliðason FH (400m**) og Viktor Orri Pétursson Ármanni (800m, 1500m**).

Helst úrslit urðu þau að Hilmar Örn varð Norðurlanda-meistari bæði í sleggjukasti og kringlukasti. Tristan Freyr varð Norðurlandameistari í 110 m grind og í 2. sæti í 200m. Bætti sig í 200m og einnig 100m. Þórdís Evu gekk best stúlkunnar en hún hafnaði í 4. sæti í 400m hlaupi og hljóp sinn ársbesta tíma.

Önnur verkefni nefndarinnar hafa falist í umræðum og nokkurskonar stefnumótun um ýmsa þætti er snúa að unglingamálum. Þar má helst nefna hver markmiðin eru með því að halda úti úrvals- og afreksþópum ungmenna FRÍ, við hvaða aldur á að miða í hópana og á að skipta hópnum upp í tvennt þar sem aldursmunurinn frá 14 árum og upp í 22 ár er svo mikill. Hvað getum við gert til að halda frjálsíþróttangmennum við efnið og draga úr brottfalli, við hvaða lágmarksaldur skal miða þegar senda á keppendur á mót þar sem ekki er skilgreindur lágmarksaldur af hálfu EAA og IAAF, en keppendur hafa náð viðmiðunarárangri. Hvernig skal standa að vali í hópana, eru lágmarkin okkar of ströng, þarfnast þau endurskoðunar. Hvernig skal standa að æfingahelgum þessara hópa eða eru æfingahelgar ekki það sem við ættum að leggja áherslu á. Nefndin var sammála um að það væri Unglinganefndar að halda utan um úrvalshópin og skapa honum verkefni en FRÍ að halda utan um afreksþópin m.t.t. verkefna og fræðslu. Nefndin var samhljóma um mikilvægi þess að FRÍ myndi ráða verkefnastjóra unglingamála til starfa.

Við teljum að starf nefndarinnar hafi verið gott og þarft og samvinna innan nefndarinnar hafi verið til fyrirmyndar. Margar og mismunandi skoðanir hafa komið fram og við erum ekki alltaf sammála, en það er hollt og eðlilegt í svo stórum hópi. Vegna þess að við höfum mismunandi aðkomu og mismunandi sýn á starfið okkar erum við kölluð til starfa í þessari nefnd en einnig erum við hér vegna þess að við berum hag frjálsíþróttæskunnar fyrir brjósti og viljum auka veg hennar til framtíðar. Því sannarlega eigum við gríðarleg efni og gullmola í okkar stóra hópi en það þarf að hlúa að öllum til að fjölbreytileikinn og ánægjan sé líka með í för og þessari vegferð sem við sjáum fyrir okkur.

Með frjálsíþróttakveðju

Fríða Rún Þórðardóttir, formaður unglinganefndar FRÍ og verkefnisstjóri Unglingamála

Súsanna Helgadóttir

Skýrsla fyrrverandi formanns fræðslu- og útbreiðslunefndar FRÍ

Að ósk uppstillingarnefndar fyrir kosningar á Frjálsíþrótt-

þingi 2014 sem fara átti fram í mars 2014 féllst ég á að gegna áfram formennsku í fræðslu- og útbreiðslunefnd, en tók fram að það yrði aðeins um skemmri tíma til að ég gæti fylgt eftir verkefni sem ég var að vinna að um stefnumótun FRÍ, ef stjórn sambandsins óskaði þess, en síðan yrði valinn nýr formaður í minn stað.

Vegna veðurs var þinginu frestað til hausts. Stefnunótunin var tekin til umfjöllunar á Frjálsíþróttapingi á Akureyri í september 2014 og lauk þá vinnu minni við það verkefni.

Vorið 2014 voru kynntar breytingar á Erasmus+ áætlun Evrópusambandsins á þann veg, að verkefni tengd íþróttum gætu fengið styrki að uppfylltum tilteknum skilyrðum, m.a. um samstarf minnst fimm ríkja sem aðild eiga að Erasmus og að verkefni féllu að áherslum ESB á þessu sviði. Í samráði við formann FRÍ hóf ég athugun í maí 2015 á möguleikum FRÍ til að stofna til samstarfs frjálsíþróttasambanda evrópskra smáríkja um styrkumsókn til að framkvæma rannsókn á útfærslu frjálsíþróttagreina til heilsueflingar í skólum og fyrir almenning.

Í samráði við starfsmann Frjálsíþróttasambands Evrópu voru mótaðar hugmyndir um verkefnið og formaður FRÍ kynnti þær síðan aðildarsamböndum Frjálsíþróttasambands evrópskra smáþjóða á fundum þeirra í ágúst og október 2014. Í kjölfarið var leitað álits erlends fagmanns með mikla reynslu af umsóknarferli Erasmus áætlunarinnar. Hann var ekki vongóður um að þetta verkefni fengi styrk, í ljósi mikillar samkeppni, nema lögð væri mikil vinna í að afla fylgis við hugmyndirnar og gera þær söluvænlegri. Vegna mikilla anna á öðrum vettvangi sá ég ekki fram á að geta lagt verulegan tíma í slíkar aðgerðir og sagði mig því frá verkefninu í nóvember 2014.

Ég er reyndar þeirrar skoðunar að hugmyndirnar um notkun frjálsíþróttagreina til almennrar heilsueflingar séu áhuga-verðar til útfærslu hér á landi, enda var þeim vel tekið þegar þær voru kynntar fyrir íþróttakennurum og fræðimönnum. Snemma árs 2015 sagði ég af mér formennsku í fræðslu- og útbreiðslunefnd með bréfi til stjórnar FRÍ.

Stefán Halldórsson

Skýrsla Öldungaráðs FRÍ, vegna 2014 og 2015

Meðlimir ráðsins og helstu samstarfsaðilar

Fríða Rún Þórðardóttir formaður, Hafsteinn Óskarsson ritari, Friðrik Þór Óskarson, Jón Bjarni Bragason og Óskar Hlynsson meðstjórnendur. Trausti Sveinbjörnsson hefur verið nefndinni til halds og trausts sem og framkvæmdastjórnar FRÍ.

Helstu verkefni á starfstímanum hafa snúist um að tryggja vegferð Öldungameistaramóts Íslands innan- og utanhúss, setja upp staðlað boðsbréf vegna móttanna og aðstoða mótshaldara við skipulag mótsins, áhöld og verðlaun. Einnig hefur eitt af stóru verkefnum verið að hugsa upp leiðir til að fjölga meðlimum í öldungastarfinu og efla það til að fleiri fái að njóta. Upplýsingaplaköt þar sem mótin sem eru á döfnni erlendis frá ári til árs eru listuð upp hafa einnig verið í höndum ráðsins.

Öldungaráð hittist reglulega, stundum mánaðarlega og eru fundargerðir ritaðar fyrir hvern fund. Ráðið hélt kaffifund fyrir öldunga þar sem málin voru rædd og reynt að hlusta eftir því hvaða óskir brenna á öldungum. Helst var rætt um mótin og að þau þyrfti að efla og fjölga keppendum. Einnig var rætt um mót erlendis og að æskilegt væri að öldungar gætu leitað sér aðstoðar á skrifstofu FRÍ varðandi skráningu og bókanir. Æfingaaðstaða og tímar innanhúss yfir vetrartímann eru einnig í brennidepli. Búningamál hafa einnig verið í umræðunni og að öldungar hafi þægilegt aðgengi að keppnisbúningum FRÍ.

Tengsl við hin norðurlöndin hafa verið eflað til muna og er

Ísland komið meira inn í samstarf Norðurlandanna er snýr að alþjóðlegum málefnum sem og þátttöku í róteringu Norðurlandamóta innan- og utanhúss. Einnig hafa samskipti við Evrópu- (EMA) og heimssambandið (WMA) verið aukin.

Öldungaráð hefur einnig veg og vanda af því að velja frjálsíþróttakarlar og frjálsíþróttakonu í öldungaflokkum í þeim keppnisgreinum sem stundaðar eru á frjálsíþróttavellinum en almenningshlaupanefnd FRÍ hefur hefur veg og vanda af vali úr hópi götu- og utanvegahlaupara. Eftirfarandi íþróttafólk var valið vegna ársins 2014 og er árangur metinn út frá alþjóðlegri %-tölu miðað við reiknað heimsmet.

Sigurður Haraldsson

Sigurður, 86 ára (2015) hlaut 93,57% fyrir árangur sinn 9,90m í kúluvarpi innanhúss en hann var einnig með annan besta árangurinn fyrir 28.64 m í sleggjukasti sem gefur 92,03%.

Martha Ernstsóttir, ÍR

Martha, hlaut 89,91% fyrir tímann 18:21,28 mín í 5.000 m hlaupi í Evrópukeppni félagsliða sem fram fór í Amsterdam í Hollandi í maí 2015

Árangur á erlendum vettvangi.

Íslenskir öldungar kepptu á HM innanhúss 2014 HM í Búdapest í Ungverjalandi í mars 2014. Sigurður Haraldsson kom sá og sigraði í flokki 85-89 ára. Hann sigraði í sleggjukasti, lóðkasti og kringlukasti og varð í 2. sæti í spjótkaсти og kúluvarpi. Jón Ögmundur Þormóðsson varð í 11. sæti í lóðkasti 70-74 ára.

Íslenskir öldungar kepptu á EM innanhúss 2015 og HM utanhúss 2015 EM í Torun í Pólandi í mars 2015. Kristján Gissurarson keppti í stangarstökki 60 ára og varð í 2. sæti. Jón Sigurður Ólafsson keppti í stangarstökki í flokki 60 ára og varð í 5. sæti Stefán Hallgrímsson keppti í stangarstökki í flokki 65 ára og varð í 7. sæti. HM í Lyon í Frakklandi 4. - 15. ágúst 2015.

Guðmundur Karlsson varð í 2. sæti í sleggjukasti og 3. sæti í lóðkasti í flokki 50 ára.

Kristján Gissurarson keppti í stangarstökki og varð í 4. sæti en hann keppir í flokki 60 ára.

Jón Bjarni Bragason keppti í lóðkasti og varð í 5. sæti með 14,51 m en hann keppir í flokki 40 ára.

Halldór Matthíasson keppti í tugpraut í flokki 65 ára og varð í 5. sæti.

Jón Sigurður Ólafsson keppti í tugpraut í flokki 60 ára og varð í 9. sæti.

Hafsteinn Óskarsson sem keppir í flokki 55 ára komst í undanúrslit í 800m, og hljóp undanrásir á 2:15,10 sek á 2:14,19 mín. og endaði í 15. sæti af 51 keppanda.

Við teljum að starf öldungaráðs hafi verið árangursríkt og þarft. Þó þarf að gera enn betur. Einnig þarf að efla heimasíðu okkar sem er hluti af heimasíðu FRÍ og setja inn mun meiri upplýsingar og hvatningu. Einnig væri æskilegt ef hægt væri að koma á einhverju utanumhaldi varðandi þjálfun öldunga á fleiri stöðum en hjá UFA á Akureyri og hjá Ármanni Reykjavík og einnig að efla þessa staði í því starfi sem er unnið.

Nefndin vinnur vel saman og hefur sameiginlega sýn á þau verkefni sem okkur eru falin í okkar starfslýsingu.

Með frjálsíþróttakveðju og fyrir hönd öldungaráðs FRÍ Fríða Rún Þórðardóttir, formaður öldungaráðs

Mannvirkjanefnd FRÍ

Í nefndinni voru: Sigurður Haraldsson formaður, Hreinn Ólafsson og Gísli Sigurðsson.

Á tíma nefndarinnar var farið mjög vel yfir Laugardalsvöll með tilliti til Smáþjóðaleikanna, eftirlitsaðili frá Evrópusambandinu tók þátt í þeirri vinnu. Með því markmiði að gera sem minnst, en að völlurinn myndi uppfylla lágmarkskröfur

m.t.t. alþjóðlegs mótahalds. Var þessi háttur hafður á þar sem ekki virðist vera eining innan Reykjavíkurborgar hvert hlutverk þessa vallar verður til framtíðar. Kópavogsvöllur var tekinn út vegna Meistaramóts Íslands 2015, þar var einnig farið í lágmarks viðhald á vellinum. Þar hefði þá þegar átt að gera kröfur um endurmerkingar á vellinum, en í staðinn voru einstaka línur endurmerktar. Á árinu 2014 var frjálsíþróttahús vígt í Hafnarfirði, sem uppfyllir alþjóðlega staðla, m.a. setti Aníta Hinriksdóttir evrópskt unglingamet í því húsi. Einnig var

farið yfir Varmárvöll að nýju og ljóst er að laga þarf þann völl til að uppfylla lágmarkskröfur til frjálsíþróttavalla.

Mikið er ógert í þessum málaflokki en á síðasta þingi voru samþykktir staðlar vegna mannvirkja hjá FRÍ vegna hinna ýmissu keppna á landsvísi og á alþjóðlegum vettvangi. Ljóst er að það þarf að fara mun ýtarlega yfir hina ýmsu velli og sú vinna bíður næstu starfsnefndar.

Sigurður Haraldsson





Íslandsmet 2014

Innanhúss

Piltar 12 ára

60 metra grind (76,2 cm)	15.11.14	10,08	Hákon Birkir Grétarsson	SELFOSS	Reykjavík
--------------------------	----------	-------	-------------------------	---------	-----------

Piltar 13 ára

200 metra hlaup	15.11.14	25,59	Ragúel Pino Alexandersson	UFA	Reykjavík
600 metra hlaup	15.11.14	1:32,82	Ragúel Pino Alexandersson	UFA	Reykjavík
Langstökk	23.11.14	5,83	Ragúel Pino Alexandersson	UFA	Akureyri

Piltar 14 ára

200 metra hlaup	15.11.14	24,58	Helgi Pétur Davíðsson	UFA	Reykjavík
300 metra hlaup	15.12.14	39,02	Hinrik Snær Steinsson	FH	Hafnarfjörður

Piltar 15 ára

800 metra hlaup	13.12.14	2:03,43	Daði Arnarson	FJÖLNIR	Reykjavík
60 metra grind (84,0 cm)	15.11.14	8,75	Styrmir Dan Hansen Steinunnarson	ÞÓR	Reykjavík
Hástökk	2.2.14	1,91	Styrmir Dan Hansen Steinunnarson	ÞÓR	Reykjavík
Hástökk	13.12.14	1,93	Styrmir Dan Hansen Steinunnarson	ÞÓR	Reykjavík
Hástökk	29.12.14	1,98	Styrmir Dan Hansen Steinunnarson	ÞÓR	Reykjavík
Sjöþraut (5Kg kúla)	23.2.14	3844	Styrmir Dan Hansen Steinunnarson	ÞÓR	Reykjavík

Piltar 16-17 ára

300 metra hlaup	15.12.14	36,58	Kormákur Ari Hafliðason	FH	Hafnarfjörður
1500 metra hlaup	18.2.14	4:09,40	Viktor Orri Pétursson	Á	Reykjavík
4x200 metra boðhlaup	20.12.14	1:33,31	Sveit piltar 17 ára FH	FH	Hafnarfjörður
			Ingþór Ingason, Dagur Andri Einarsson, Arnaldur Þór Guðmundsson, Kormákur Ari Hafliðason		
60 metra grind (91,4 cm)	22.12.14	8,25	Tristan Freyr Jónsson	ÍR	Reykjavík
Sjöþraut (5Kg kúla)	23.2.14	4741	Tristan Freyr Jónsson	ÍR	Reykjavík

Piltar 18-19 ára

300 metra hlaup	17.12.14	35,76	Gunnar Guðmundsson	ÍR	Reykjavík
1500 metra hlaup	13.12.14	3:56,42	Sæmundur Ólafsson	ÍR	Reykjavík
3000 metra hlaup	19.5.14	8:34,22	Sæmundur Ólafsson	ÍR	Reykjavík
Stangarstökk	30.6.14	4,71	Krister Blær Jónsson	ÍR	Reykjavík
Stangarstökk	24.11.14	4,75	Krister Blær Jónsson	ÍR	Reykjavík
Stangarstökk	3.12.14	4,82	Krister Blær Jónsson	ÍR	Reykjavík
Stangarstökk	19.12.14	5,03	Krister Blær Jónsson	ÍR	Reykjavík
Stangarstökk	29.12.14	5,12	Krister Blær Jónsson	ÍR	Reykjavík
Kúluvarp (6,0 kg)	17.12.14	17,40	Guðni Valur Guðnason	ÍR	Reykjavík
Kúluvarp (6,0 kg)	22.12.14	17,47	Guðni Valur Guðnason	ÍR	Reykjavík
Kúluvarp (6,0 kg)	29.12.14	18,16	Guðni Valur Guðnason	ÍR	Reykjavík

Piltar 20-22 ára

300 metra hlaup	17.12.14	34,93	Ívar Kristinn Jasonarson	ÍR	Reykjavík
Stangarstökk	19.12.14	5,03	Krister Blær Jónsson	ÍR	Reykjavík
Stangarstökk	29.12.14	5,12	Krister Blær Jónsson	ÍR	Reykjavík

Karlar

600 metra hlaup	19.12.14	1:20,74	Kristinn Þór Kristinsson	SAMHYGD	Reykjavík
-----------------	----------	---------	--------------------------	---------	-----------

Stúlkur 12 ára

60 metra hlaup	25.10.14	8,30	Birna Kristín Kristjánsdóttir	Á	Hafnarfjörður
60 metra hlaup	13.12.14	8,25	Birna Kristín Kristjánsdóttir	Á	Reykjavík

Stúlkur 13 ára

200 metra hlaup	19.12.14	26,09	Guðbjörg Jóna Bjarnadóttir	ÍR	Reykjavík
-----------------	----------	-------	----------------------------	----	-----------

Stúlkur 14 ára

200 metra hlaup	7.11.14	25,72	Þórdís Eva Steinsdóttir	FH	Hafnarfjörður
200 metra hlaup	15.11.14	25,32	Þórdís Eva Steinsdóttir	FH	Reykjavík
200 metra hlaup	29.12.14	25,15	Þórdís Eva Steinsdóttir	FH	Reykjavík
400 metra hlaup	1.2.14	56,05	Þórdís Eva Steinsdóttir	FH	Reykjavík
600 metra hlaup	19.1.14	1:33,34	Þórdís Eva Steinsdóttir	FH	Reykjavík
800 metra hlaup	8.2.14	2:15,41	Þórdís Eva Steinsdóttir	FH	Reykjavík
800 metra hlaup	3.3.14	2:10,59	Þórdís Eva Steinsdóttir	FH	Reykjavík
1500 metra hlaup	29.11.14	4:43,23	Þórdís Eva Steinsdóttir	FH	Hafnarfjörður
Þrístökk	4.12.14	11,38	Þórdís Eva Steinsdóttir	FH	Hafnarfjörður
Fimmtarpraut (76cm grind)	23.2.14	3421	Þórdís Eva Steinsdóttir	FH	Reykjavík

Stúlkur 15 ára

200 metra hlaup	29.12.14	25,15	Þórdís Eva Steinsdóttir	FH	Reykjavík
400 metra hlaup	1.2.14	56,05	Þórdís Eva Steinsdóttir	FH	Reykjavík
1500 metra hlaup	29.11.14	4:43,23	Þórdís Eva Steinsdóttir	FH	Hafnarfjörður
3000 metra hlaup	17.12.14	10:13,08	Andrea Kolbeinsdóttir	ÍR	Reykjavík
4x200 metra boðhlaup	20.12.14	1:47,46	Sveit stúlkna 15 ára FH	FH	Hafnarfjörður
Fimmtarpraut (76cm grind)	23.2.14	3421	Þórdís Eva Steinsdóttir	FH	Reykjavík

Stúlkur 18 - 19 ára

600 metra hlaup	19.12.14	1:27,65	Aníta Hinriksdóttir	ÍR	Reykjavík
800 metra hlaup	19.1.14	2:01,81	Aníta Hinriksdóttir	ÍR	Reykjavík
1500 metra hlaup	26.1.14	4:19,31	Aníta Hinriksdóttir	ÍR	Reykjavík
60 metra grind (84 cm)	9.2.14	8,75	Arna Stefanía Guðmundsdóttir	ÍR	Växjö, SE

Stúlkur 20 - 22 ára

600 metra hlaup	19.12.14	1:27,65	Aníta Hinriksdóttir	ÍR	Reykjavík
800 metra hlaup	19.1.14	2:01,81	Aníta Hinriksdóttir	ÍR	Reykjavík
1500 metra hlaup	26.1.14	4:19,31	Aníta Hinriksdóttir	ÍR	Reykjavík
Langstökk	19.1.14	6,12	Sveinbjörg Zophoníasdóttir	FH	Reykjavík

Konur

600 metra hlaup	19.12.14	1:27,65	Aníta Hinriksdóttir	ÍR	Reykjavík
800 metra hlaup	19.1.14	2:01,81	Aníta Hinriksdóttir	ÍR	Reykjavík
1500 metra hlaup	26.1.14	4:19,31	Aníta Hinriksdóttir	ÍR	Reykjavík
Langstökk	1.2.14	6,40	Hafðís Sigurðardóttir	UFA	Reykjavík
Langstökk	23.2.14	6,45	Hafðís Sigurðardóttir	UFA	Reykjavík

Utanhúss

Piltar 12 ára

80 metra grind (76,2 cm)	17.8.14	13,16	Hákon Birkir Grétarsson	SELFOSS	Akureyri
4x100 metra boðhlaup	17.8.14	56,12	Sveit pilta 12 ára HSK	HSK	Akureyri
Viktor Karl Halldórsson, Hákon Birkir Grétarsson, Kolbeinn Loftsson, Máni Snær Benediktsson					

Piltar 13 ára

5000 metra hlaup	31.8.14	19:06,28	Egill Bjarni Gíslason	UFA	Akureyri
60 metra grind (76,2 cm)	31.8.14	9,48	Ragúel Pino Alexandersson	UFA	Akureyri
80 metra grind (76,2 cm)	17.8.14	12,50	Ragúel Pino Alexandersson	UFA	Akureyri
Langstökk	28.6.14	5,68	Ragúel Pino Alexandersson	UFA	Laugar

Piltar 14 ára

200 metra hlaup	31.8.14	24,60	Helgi Pétur Davíðsson	UMSE	Akureyri
200 metra hlaup	31.8.14	24,60	Arnar Valur Vignisson	UFA	Akureyri
80 metra grind (84 cm)	17.8.14	12,16	Helgi Pétur Davíðsson	UMSE	Akureyri
1000 metra boðhlaup	24.8.14	2:14,35	Sveit pilta 14 ára UMSE/UFA	UMSE/UFA	Mosfellsbær
Helgi Pétur Davíðsson, Kolbeinn Fannar Gíslason, Ragúel Pino Alexandersson, Arnar Valur Vignisson					

Piltar 15 ára

400 metra grind (76 cm)	28.8.14	61,69	Bjarki Freyr Finnbogason	ÍR	Reykjavík
4x100 metra boðhlaup	26.7.14	46,94	Sveit pilta 15 ára ÍR	ÍR	Selfoss
Bjartur Snær Sigurðsson, Stefán Broddi Sigvaldason, Markús Ingi Hauksson, Bjarki Freyr Finnbogason					
1000 metra boðhlaup	24.8.14	2:09,13	A - sveit pilta 15 ára ÍR	ÍR	Mosfellsbær
Markús Ingi Hauksson, Bjartur Snær Sigurðsson, Stefán Broddi Sigvaldason, Bjarki Freyr Finnbogason					
Hástökk	28.6.14	1,94	Styrmir Dan Hansen Steinunnarson	ÞÓR	Gautaborg
Hástökk	1.8.14	1,96	Styrmir Dan Hansen Steinunnarson	ÞÓR	Sauðárkr.

Piltar 15 ára

4x100 metra boðhlaup	30.8.14	44,56	Blönduð sveit 16-17 ára	ÍSí	Kópavogur
Gunnar Eyjólfsson,Tristan Freyr Jónsson,Dagur Andri Einarsson,Gylfi Ingvar Gylfason					
4x200 metra boðhlaup	30.8.14	1:35,53	Blönduð sveit 16-17 ára	ÍSí	Kópavogur
Gunnar Eyjólfsson,Tristan Freyr Jónsson,Dagur Andri Einarsson,Gylfi Ingvar Gylfason					
4x400 metra boðhlaup	13.7.14	3:35,30	Sveit pilta 17 ára FH	FH	Hafnarfjörður
Dániel Einar Hauksson,Ingþór Ingason,Arnaldur Þór Guðmundsson,Kormákur Ari Hafliðason					
Tugbraut	19.7.14	6382	Tristan Freyr Jónsson	ÍR	Reykjavík

Piltar 18-19 ára

100 metra hlaup	11.6.14	10,71	Jóhann Björn Sigurbjörnsson	UMSS	Reykjavík
200 metra hlaup	15.6.14	21,36	Jóhann Björn Sigurbjörnsson	UMSS	Sauðárkrókur
400 metra hlaup	5.7.14	47,87	Kolbeinn Höður Gunnarsson	UFA	Mannheim, DE
4x100 metra boðhlaup	16.8.14	42,54	Sveit Íslands U20	ISL	Kristiansand, NO
Jóhann Björn Sigurbjörnsson, Kolbeinn Höður Gunnarsson, Krister Blær Jónsson, Sindri Hrafn Guðmundsson					
Sleggjukast (6,0 kg)	21.5.14	75,27	Hilmar Örn Jónsson	ÍR	Hafnarfjörður
Sleggjukast (6,0 kg)	27.6.14	76,51	Hilmar Örn Jónsson	ÍR	Hafnarfjörður
Sleggjukast (6,0 kg)	12.8.14	77,54	Hilmar Örn Jónsson	ÍR	Selfoss
Sleggjukast (7,26 kg)	6.4.14	67,34	Hilmar Örn Jónsson	ÍR	Hafnarfjörður
Sleggjukast (7,26 kg)	27.6.14	68,65	Hilmar Örn Jónsson	ÍR	Hafnarfjörður
Spjót kast (800 gr)	17.5.14	72,45	Sindri Hrafn Guðmundsson	BBLIK	Selfoss
Spjót kast (800 gr)	12.7.14	77,28	Sindri Hrafn Guðmundsson	BBLIK	Hafnarfjörður
Lóðkast (15,0 kg)	6.4.14	19,44	Hilmar Örn Jónsson	ÍR	Hafnarfjörður
Lóðkast (15,0 kg)	3.9.14	20,07	Hilmar Örn Jónsson	ÍR	Selfoss

Piltar 20-22 ára

200 metra hlaup	15.6.14	21,36	Jóhann Björn Sigurbjörnsson	UMSS	Sauðárkrókur
1000 metra boðhlaup	9.8.14	1:56,89	Sveit pilta 20 ára Norðurlands	NORÐURLAND	Reykjavík
Sveinbjörn Óli Svavarsson, Daniel Þórarinnsson, Jóhann Björn Sigurbjörnsson, Kolbeinn Höður Gunnarsson					
Spjót kast (800 gr)	12.7.14	77,28	Sindri Hrafn Guðmundsson	BBLIK	Hafnarfjörður
Lóðkast (15,0 kg)	6.4.14	19,44	Hilmar Örn Jónsson	ÍR	Hafnarfjörður
Lóðkast (15,0 kg)	3.9.14	20,07	Hilmar Örn Jónsson	ÍR	Selfoss

Karlar

Hálft maraþon	29.3.14	1:05:13	Kári Steinn Karlsson	ÍR	Kaupmannah. DK
4x100 metra boðhlaup	21.6.14	40,84	Sveit Íslands	ISL	Tblisi, GE
Juan Ramon Borges Bosque, Jóhann Björn Sigurbjörnsson, Kolbeinn Höður Gunnarsson, Ari Bragi Kárasón					

Stúlkur 13 ára

80 metra grind (76,2 cm)	17.8.14	12,92	Helga Margrét Haraldsdóttir	ÍR	Akureyri
--------------------------	---------	-------	-----------------------------	----	----------

Stúlkur 14 ára

300 metra hlaup	24.5.14	41,80	Þórdís Eva Steinsdóttir	FH	Reykjavík
300 metra hlaup	29.6.14	40,46	Þórdís Eva Steinsdóttir	FH	Gautaborg
400 metra hlaup	17.5.14	57,70	Þórdís Eva Steinsdóttir	FH	Selfoss
400 metra hlaup	12.7.14	56,87	Þórdís Eva Steinsdóttir	FH	Hafnarfjörður
400 metra hlaup	16.8.14	55,16	Þórdís Eva Steinsdóttir	FH	Kristiansand, NO
600 metra hlaup	7.6.14	1:32,71	Þórdís Eva Steinsdóttir	FH	Hafnarfjörður
800 metra hlaup	27.6.14	2:14,11	Þórdís Eva Steinsdóttir	FH	Gautaborg
300 metra grind (76,2 cm)	27.6.14	43,50	Þórdís Eva Steinsdóttir	FH	Gautaborg
400 metra grind (76,2 cm)	26.7.14	64,73	Þórdís Eva Steinsdóttir	FH	Selfoss
400 metra grind (76,2 cm)	8.8.14	61,87	Þórdís Eva Steinsdóttir	FH	Reykjavík

Stúlkur 15 ára

300 metra hlaup	24.5.14	41,80	Þórdís Eva Steinsdóttir	FH	Reykjavík
300 metra hlaup	29.6.14	40,46	Þórdís Eva Steinsdóttir	FH	Gautaborg
400 metra hlaup	16.8.14	55,16	Þórdís Eva Steinsdóttir	FH	Kristiansand, NO
600 metra hlaup	7.6.14	1:32,71	Þórdís Eva Steinsdóttir	FH	Hafnarfjörður
300 metra grind (76,2 cm)	27.6.14	43,50	Þórdís Eva Steinsdóttir	FH	Gautaborg
400 metra grind (76,2 cm)	8.8.14	61,87	Þórdís Eva Steinsdóttir	FH	Reykjavík
1000 metra boðhlaup	24.8.14	2:20,32	Sveit stúlkna 15 ára FH	FH	Mosfellsbær

Mist Tinganelli, Hilda Steinunn Egilsdóttir, Guðbjörg Bjarkadóttir, Þórdís Eva Steinsdóttir

Stúlkur 16 - 17 ára

600 metra hlaup	7.6.14	1:32,71	Þórdís Eva Steinsdóttir	FH	Hafnarfjörður
300 metra grind (76,2 cm)	27.6.14	43,50	Þórdís Eva Steinsdóttir	FH	Gautaborg

Stúlkur 18 - 19 ára

600 metra hlaup	7.6.14	1:32,71	Þórdís Eva Steinsdóttir	FH	Hafnarfjörður
1500 metra hlaup	24.5.14	4:15,14	Aníta Hinriksdóttir	ÍR	Amsterdam
300 metra grind (76,2 cm)	27.6.14	43,50	Þórdís Eva Steinsdóttir	FH	Gautaborg
Sleggjukast (4,0 kg)	6.4.14	55,23	Vigdís Jónsdóttir	FH	Hafnarfjörður
Sleggjukast (4,0 kg)	22.5.14	55,41	Vigdís Jónsdóttir	FH	Hafnarfjörður

Stúlkur 20 - 22 ára

600 metra hlaup	7.6.14	1:32,71	Þórdís Eva Steinsdóttir	FH	Hafnarfjörður
1500 metra hlaup	24.5.14	4:15,14	Aníta Hinriksdóttir	ÍR	Amsterdam
300 metra grind (76,2 cm)	27.6.14	43,50	Þórdís Eva Steinsdóttir	FH	Gautaborg
Sleggjukast (4,0 kg)	6.4.14	55,23	Vigdís Jónsdóttir	FH	Hafnarfjörður
Sleggjukast (4,0 kg)	22.5.14	55,41	Vigdís Jónsdóttir	FH	Hafnarfjörður

Konur

600 metra hlaup	7.6.14	1:32,71	Þórdís Eva Steinsdóttir	FH	Hafnarfjörður
300 metra grind (76,2 cm)	27.6.14	43,50	Þórdís Eva Steinsdóttir	FH	Gautaborg
4x400 metra boðhlaup	24.5.14	3:45,50	Sveit ÍR	ÍR	Amsterdam
1000 metra boðhlaup	9.8.14	2:09,78	Sveit ÍR	ÍR	Reykjavík
Langstökk	22.6.14	6,41	Hafdís Sigurðardóttir	UFA	Tblisi, GE
Sleggjukast (4,0 kg)	6.4.14	55,23	Vigdís Jónsdóttir	FH	Hafnarfjörður
Sleggjukast (4,0 kg)	22.5.14	55,41	Vigdís Jónsdóttir	FH	Hafnarfjörður



Innanhúss

Piltar 12 ára

Hástökk	21.11.15	1,70	Kristján Viggó Sigfinnsson	Á	Reykjavík
---------	----------	------	----------------------------	---	-----------

Piltar 13 ára

4x200 metra boðhlaup	7.11.15	1:52,62	Sveit Selfoss	SELFOSS	Hafnarfjörður
			Hákon Birkir Grétars, Dagur Fannar Einars, Jónas Grétars, Vilhelm Freyr Steindórs		

Piltar 14 ára

60 metra grind (84,0 cm)	8.11.15	9,03	Ragúel Pino Alexandersson	UFA	Akureyri
--------------------------	---------	------	---------------------------	-----	----------

Piltar 15 ára

60 metra grind (84,0 cm)	8.11.15	8,64	Helgi Pétur Davíðsson	UFA	Akureyri
60 metra grind (84,0 cm)	21.11.15	8,72	Helgi Pétur Davíðsson	UFA	Reykjavík

Piltar 16-17 ára

800 metra hlaup	12.12.15	1:55,64	Trausti Þór Þorsteins	Á	Reykjavík
800 metra hlaup	21.12.15	1:55,16	Trausti Þór Þorsteins	Á	Reykjavík
1500 metra hlaup	29.12.15	4:06,50	Trausti Þór Þorsteins	Á	Reykjavík

Piltar 18-19 ára

300 metra hlaup	17.12.15	35,15	Kormákur Ari Hafliðason	FH	Hafnarfjörður
4x400 metra boðhlaup	8.2.15	3:29,60	A-sveit FH - piltar 18 ára og yngri	FH	Hafnarfjörður
			Hinrik Snær Steins, Arnaldur Þór Guðmunds, Daníel Einar Hauks, Kormákur Ari Hafliðason		
60 metra grind (99,1 cm)	1.2.15	8,34	Tristan Freyr Jónsson	ÍR	Reykjavík

Piltar 20-22 ára

200 metra hlaup	31.1.15	21,64	Kolbeinn Höður Gunnarsson	UFA	Reykjavík
200 metra hlaup	8.2.15	21,38	Kolbeinn Höður Gunnarsson	UFA	Hafnarfjörður
300 metra hlaup	17.12.15	34,84	Kolbeinn Höður Gunnarsson	UFA	Hafnarfjörður
400 metra hlaup	1.2.15	47,59	Kolbeinn Höður Gunnarsson	UFA	Reykjavík
1 míla	7.2.15	4:09,86	Hlynur Andrésson	ÍR	Notre Dame, IN, USA
Stangarstökk	28.2.15	5,21	Krister Blær Jónsson	ÍR	Hafnarfjörður
Kúluvarp (7,26 kg)	17.7.15	17,40	Stefán Velemir	FH	Hafnarfjörður

Karlar

200 metra hlaup	31.1.15	21,64	Kolbeinn Höður Gunnarsson	UFA	Reykjavík
200 metra hlaup	8.2.15	21,38	Kolbeinn Höður Gunnarsson	UFA	Hafnarfjörður
400 metra hlaup	1.2.15	47,59	Kolbeinn Höður Gunnarsson	UFA	Reykjavík
1 míla	7.2.15	4:09,86	Hlynur Andrésson	ÍR	Notre Dame, IN, USA
4x200 metra boðhlaup	28.2.15	1:28,24	Sveit ÍR	ÍR	Hafnarfjörður
			Ívar Kristinn Jasonarson, Gunnar Guðmunds, Krister Blær Jóns, Tristan Freyr Jóns		

Stúlkur 12 ára

600 metra hlaup	21.11.15	1:43,93	Jana Sól Valdimarsdóttir	FH	Reykjavík
Hástökk	14.12.15	1,56	Jana Sól Valdimarsdóttir	FH	Hafnarfjörður

Stúlkur 13 ára

Stangarstökk	31.5.15	2,61	Thelma Rós Hálfðánardóttir	FH	Hafnarfjörður
Stangarstökk	30.11.15	2,72	Thelma Rós Hálfðánardóttir	FH	Hafnarfjörður
Stangarstökk	9.12.15	2,76	Thelma Rós Hálfðánardóttir	FH	Hafnarfjörður

Stúlkur 14 ára

300 metra hlaup	21.12.15	40,22	Guðbjörg Jóna Bjarnadóttir	ÍR	Reykjavík
-----------------	----------	-------	----------------------------	----	-----------

Stúlkur 15 ára

60 metra hlaup	7.2.15	7,84	Tiana Ósk Whitworth	ÍR	Hafnarfjörður
60 metra hlaup	21.2.15	7,81	Tiana Ósk Whitworth	ÍR	Reykjavík
200 metra hlaup	8.2.15	24,93	Þórdís Eva Steinsdóttir	FH	Hafnarfjörður
300 metra hlaup	17.12.15	39,66	Þórdís Eva Steinsdóttir	FH	Hafnarfjörður
400 metra hlaup	1.2.15	54,80	Þórdís Eva Steinsdóttir	FH	Reykjavík
600 metra hlaup	17.1.15	1:32,25	Þórdís Eva Steinsdóttir	FH	Reykjavík
4x200 metra boðhlaup	1.3.15	1:45,47	Sveit ÍR-A	ÍR-A	Reykjavík
Guðbjörg Jóna Bjarnad, Helga Margrét Haraldsd, Linda Líf Boama, Tiana Ósk Whitworth					
60 metra grind (84 cm)	15.3.15	9,26	Þórdís Eva Steinsdóttir	FH	Hafnarfjörður
Fimmtarpraut (76cm grind)	25.1.15	3636	Þórdís Eva Steinsdóttir	FH	Reykjavík

Stúlkur 16 - 17 ára

300 metra hlaup	17.12.15	39,66	Þórdís Eva Steinsdóttir	FH	Hafnarfjörður
Fimmtarpraut (76cm grind)	25.1.15	3636	Þórdís Eva Steinsdóttir	FH	Reykjavík

Stúlkur 18 - 19 ára

800 metra hlaup	8.2.15	2:01,77	Aníta Hinriksdóttir	ÍR	Hafnarfjörður
800 metra hlaup	6.3.15	2:01,56	Aníta Hinriksdóttir	ÍR	Praha, CZE

Stúlkur 20 - 22 ára

800 metra hlaup	8.2.15	2:01,77	Aníta Hinriksdóttir	ÍR	Hafnarfjörður
800 metra hlaup	6.3.15	2:01,56	Aníta Hinriksdóttir	ÍR	Praha, CZE
4x200 metra boðhlaup	28.2.15	1:40,27	Sveit FH	FH	Hafnarfjörður
Melkorka Rán Hafliðad, Arna Stefanía Guðmundsd, Guðbjörg Bjarkad, Þórdís Eva Steinsd					

Konur

60 metra hlaup	7.2.15	7,50	Hrafnhild Eir R Hermóðsdóttir	ÍR	Hafnarfjörður
800 metra hlaup	8.2.15	2:01,77	Aníta Hinriksdóttir	ÍR	Hafnarfjörður
800 metra hlaup	6.3.15	2:01,56	Aníta Hinriksdóttir	ÍR	Praha, CZE
4x200 metra boðhlaup	28.2.15	1:38,54	Sveit ÍR	ÍR	Hafnarfjörður
Tiana Ósk Whitworth, Dóróthea Jóhannesd, Hrafnhild Eir R Hermóðsd, Aníta Hinriksd					
Langstökk	17.1.15	6,47	Hafðís Sigurðardóttir	UFA	Reykjavík

Utanhúss

Piltar 12 ára

Hástökk	28.6.15	1,61	Kristján Viggó Sigfinnsson	Á	Selfoss
---------	---------	------	----------------------------	---	---------

Piltar 13 ára

100 metra grind (84 cm)	23.8.15	15,46	Hákon Birkir Grétarsson	HSK/SELFOS	Laugar
-------------------------	---------	-------	-------------------------	------------	--------

Piltar 14 ára

300 metra hlaup	26.5.15	40,28	Ragúel Pino Alexandersson	UFA	Akureyri
300 metra hlaup	5.7.15	39,29	Ragúel Pino Alexandersson	UFA	Gautaborg
80 metra grind (84 cm)	5.7.15	12,10	Ragúel Pino Alexandersson	UFA	Gautaborg
Fimmtarpraut (sveinaáhöld)	23.5.15	2553	Ragúel Pino Alexandersson	UFA	Hafnarfjörður

Piltar 15 ára

Fimmtarpraut (sveinaáhöld)	23.5.15	2553	Ragúel Pino Alexandersson	UFA	Hafnarfjörður
----------------------------	---------	------	---------------------------	-----	---------------

Piltar 18-19 ára

110 metra grind (99,1 cm)	27.6.15	14,26	Tristan Freyr Jónsson	ÍR	Mannheim, GER
Sleggjukast (6,0 kg)	5.6.15	78,07	Hilmar Örn Jónsson	FH	Hafnarfjörður
Sleggjukast (6,0 kg)	22.7.15	79,81	Hilmar Örn Jónsson	FH	Hafnarfjörður
Sleggjukast (7,26 kg)	17.5.15	69,31	Hilmar Örn Jónsson	FH	Halle, DE
Sleggjukast (7,26 kg)	25.7.15	69,79	Hilmar Örn Jónsson	FH	Kópavogur
Lóðkast (15,0 kg)	4.9.15	20,54	Hilmar Örn Jónsson	FH	Selfoss

Piltar 20-22 ára

Hálft maraþon	22.8.15	1:09:35	Hlynur Andrésson	ÍR	Reykjavík
Kúluvarp (7,26 kg)	26.7.15	18,00	Stefán Velemir	FH	Kópavogur
Kringlukast (2,0 kg)	10.9.15	63,50	Guðni Valur Guðnason	ÍR	Hafnarfjörður
Lóðkast (15,0 kg)	4.9.15	20,54	Hilmar Örn Jónsson	FH	Selfoss

Karlar

Hálft maraþon	29.3.15	1:04:55	Kári Steinn Karlsson	ÍR	Berlin, DE
4x100 metra boðhlaup	20.6.15	40,72	Sveit Íslands	ISL	Stara Zagora, BUL
Juan Ramon Borges Bosque, Ívar Kristinn Jasonarson, Kolbeinn Höður Gunnarsson, Ari Bragi Kárasón					

Stúlkur 12 ára

600 metra hlaup	19.8.15	1:44,31	Jana Sól Valdimarsdóttir	FH	Hafnarfjörður
60 metra grind (76,2 cm)	1.9.15	10,35	Sara Ragnheiður Kristjánsdóttir	UFA	Akureyri
Kúluvarp (2,0 kg)	1.8.15	11,86	Birta Sigþórsdóttir	HSH	Akureyri
Kúluvarp (3,0 kg)	23.8.15	10,13	Birta Sigþórsdóttir	SAM VEST	Laugar

Stúlkur 13 ára

80 metra grind (76,2 cm)	28.6.15	12,86	Birna Kristín Kristjánsdóttir	Á	Selfoss
80 metra grind (76,2 cm)	28.6.15	12,72	Birna Kristín Kristjánsdóttir	Á	Selfoss



Stúlkur 15 ára

300 metra hlaup	5.7.15	39,39	Pórdís Eva Steinsdóttir	FH	Gautaborg
4x100 metra boðhlaup	2.8.15	49,75	Sveit ÍR stúlkur 15 ára	ÍR	Akureyri
Dagbjört Lilja Magnúsd, Helga Margrét Haraldsd, Guðbjörg Jóna Bjarnad, Tiana Ósk Whitworth					

Stúlkur 16 - 17 ára

300 metra hlaup	5.7.15	39,39	Pórdís Eva Steinsdóttir	FH	Gautaborg
3000 metra hindrunarhlaup	9.6.15	11:08,02	Andrea Kolbeinsdóttir	ÍR	Reykjavík
3000 metra hindrunarhlaup	20.6.15	10:57,01	Andrea Kolbeinsdóttir	ÍR	Stara Zagora, BUL

Stúlkur 18 - 19 ára

300 metra hlaup	5.7.15	39,39	Pórdís Eva Steinsdóttir	FH	Gautaborg
1000 metra hlaup	24.5.15	2:36,63	Aníta Hinriksdóttir	ÍR	Hengelo, NL
Sleggjukast (4,0 kg)	4.5.15	57,06	Vigdís Jónsdóttir	FH	Hafnarfjörður
Sleggjukast (4,0 kg)	23.5.15	58,43	Vigdís Jónsdóttir	FH	Hafnarfjörður

Stúlkur 20 - 22 ára

300 metra hlaup	5.7.15	39,39	Pórdís Eva Steinsdóttir	FH	Gautaborg
1000 metra hlaup	24.5.15	2:36,63	Aníta Hinriksdóttir	ÍR	Hengelo, NL
400 metra grind (76,2 cm)	1.8.15	57,81	Arna Stefanía Guðmundsdóttir	FH	Ninove, BEL
400 metra grind (76,2 cm)	22.8.15	57,60	Arna Stefanía Guðmundsdóttir	FH	Antwerpen, BEL
Sleggjukast (4,0 kg)	4.5.15	57,06	Vigdís Jónsdóttir	FH	Hafnarfjörður
Sleggjukast (4,0 kg)	23.5.15	58,43	Vigdís Jónsdóttir	FH	Hafnarfjörður

Konur

1000 metra hlaup	24.5.15	2:36,63	Aníta Hinriksdóttir	ÍR	Hengelo, NL
Langstökk	26.5.15	6,45	Hafdis Sigurðardóttir	UFA	Akureyri
Langstökk	21.6.15	6,45	Hafdis Sigurðardóttir	UFA	Stara Zagora, BUL
Langstökk	1.8.15	6,56	Hafdis Sigurðardóttir	UFA	Akureyri
Sleggjukast (4,0 kg)	4.5.15	57,06	Vigdís Jónsdóttir	FH	Hafnarfjörður
Sleggjukast (4,0 kg)	23.5.15	58,43	Vigdís Jónsdóttir	FH	Hafnarfjörður





ÁRSREIKNINGUR FRÍ



2015

Áritun skoðunarmanns


Til stjórnar Frjálsíþróttasambands Íslands

Ársreikning þennan vegna ársins 2015, fyrir Frjálsíþróttasamband Íslands hef ég gert eftir bókhaldi félagsins, upplýsingum frá forsvarsmönnum og framlögðum gögnum.

Ársreikningurinn hefur að geyma skýrslu stjórnar rekstrarreikning, efnahagsreikning og skýringar. Ársreikningurinn er lagður fram af stjórnendum félagsins og á ábyrgð þeirra í samræmi við lög og reglur.

Ábyrgð skoðunarmanns felst í því álit sem hann lætur í ljós á ársreikningnum á grundvelli skoðunarinnar þar sem smæð félagsins takmarkar virkt innra eftirlit, verður nauðsynlegum endurskoðunaraðgerðum ekki komið við og því er ekki látið í ljós álit á ársreikningnum.

Reykjavík 19. apríl 2016




Arndís Arnórsdóttir
viðskiptafræðingur

Áritun þingkjörinna skoðunarmanna

Undirritaðir, þingkjörnir skoðunarmenn Frjálsíþróttasambands Íslands, höfum farið yfir ársreikning sambandsins fyrir fjárhagsárið 2015 og leggjum við til að hann verði samþykktur.

Reykjavík 19. apríl 2016





Ársskýrsla og áritun stjórnar

Ársreikningur Frjálsíþróttasambandsins FRÍ er gerður með hliðstæðum hætti og fyrri ár í samræmi við reikningsskilareglur og lög um ársreikninga.

Verulegur bati varð á rekstri FRÍ á árinu 2015 m.v fyrri ár. Rekstrartekjur hækkuðu úr 55,3 m.kr í 61,7 m.kr eða um 12%. Á sama tíma lækkuðu rekstrargjöld úr 62,4 m.kr í 51,4 m.kr eða um 18%. Vegna þessa varð 10,1 m.kr hagnaður af reglulegri starfssemi sambandsins í stað 8,1 m.kr rekstrartaps á fyrri ári. Reglubundinn reksturinn batnaði um 18,2 m.kr á milli ára þessu sambandi þarf þó að hafa í huga að í ársuppgjöri ársins 2014 voru gjaldfærð rekstrargjöld að fjárhæð 4,4 m.kr sem voru í raun leiðréttingar á ársuppgjörum fyrri ára, **þannig að raunbati á rekstri sambandsins varð 13,8 m.kr**

Á árinu 2014 var sérstakt fjáröflunarverkefni í gangi til kaupa á tímatökutækjum fyrir sambandið sem skilaði 13,4 m.kr tekjum. Þetta var afar vel heppnað verkefni sem tryggði fjármögnun kaupa tækjanna og hefur sú fjármögnun og árleg afskrift þeirra verið aðgreind sérstaklega í ársreikningi. Einnig hafði töluverð áhrif á niðurstöðutölu ársuppgjörsins 2014 að láðst hafði í uppgjörum fyrri ára að taka tillit til skulda dótturfélagsins FRÍ ehf umfram eignir. Skuldbinding vegna FRÍ ehf var færð í ársreikning 2014 undir liðnum gjöld vegna eignarhluta í dótturfélagi að fjárhæð 2,8 m.kr., en á árinu 2015 er engin sambærileg gjaldfærsla.

Það eru margar samverkandi ástæður fyrir raunbata á rekstri sambandsins á árinu 2015 m.v fyrri ár, s.s. launakostnaður lækkaði verulega milli ára, sambandið fékk verulegar tekjur af RIG í stað þess að hafa áður haft nettóútgjöld vegna mótsins árið áður, mótakostnaður lækkaði, fjáraflanir skiluðu meiri tekjum en áður, fjármagnskostnaður lækkaði og ýmis annar kostnaður lækkaði.


Ólíklegt er að hægt verði að reka sambandið til framtíðar með sama hætti og gert var á árinu 2015, og því þarf að gera ráð fyrir auknum kostnaði í rekstri þess á komandi árum. Með sama hætti er afar mikilvægt til framtíðar að halda áfram á þeirri braut að leita allra leiða til þess að auka tekjur sambandsins af stærri mótum á þess vegum og með samningum við styrktaraðila. Verulegs aðhalds var gætt í rekstri sambandsins á árinu og þjónusta við sambandsaðila og afreksíþróttamenn var dregin saman en aukin áhersla lögð á sjálfbærliðastörf á þessu sviði. Að líkindum verður ekki gengið lengra í þessa átt og þess í stað þurfi að leggja í aukinn kostnað til þess að bæta þjónustuna.

Starfsmannahald sambandsins tók verulegum breytingum á árinu. Upphafi árs var ákveðið í sparnaðarskyni að endurráða ekki í störf verkefnastjóra landsliðsmála og unglingamála þegar Þórey Edda Elís dóttur og Þórunni Erlingsdóttur hættu störfum hjá sambandinu. Um mitt ár lét framkvæmdastjórinn af störfum, og á tímabilinu júlí til október var enginn starfsmaður á skrifstofunni, en daglegum verkefnum þess í stað sinnt af sjálfbærliðum. Sú staða gerði allt starf sambandsins mjög erfitt og sambærileg staða kemur vonandi ekki upp aftur í starfinu í framtíðinni. Í nóvember kom nýr framkvæmdastjóri FRÍ til starfa og vonir standa til þess að hann muni skila góðu starfi í þágu hreyfingarinnar í framtíðinni.

Fjárhagslega var árið 2015 mjög gott ár fyrir FRÍ og gefur nýrri stjórn sambandsins traustan grunn til þess að sækja fram til eflingar á starfinu í þágu frjálsíþróttahreyfingarinnar og okkar glæsilega íþróttafólki. Fráfarandi stjórn lýsir ánægju yfir því að skila góðu búi í hendur á nýrri stjórn, sem nú tekur við keflinu og óskar henni velfarnaðar

Reykjavík 19. apríl 2016.


Lóa Björk Stallsdóttir


Stefán Steinhelmarsson

Rekstrarreikningur ársins 2015

	Skýr.	2015	2014
Rekstrartekjur			
Framlög og styrkir	sl 1	43.508.990	40.886.310
Tekjur af mótum	sl 2	9.976.812	4.221.554
Aðrar tekjur	sl 3	8.207.282	10.212.243
		<u>61.693.084</u>	<u>55.320.107</u>
Rekstrargjöld			
Laun og tengd gjöld	sl 4	8.017.750	13.172.582
Greiðslur til keppenda	sl 5	15.630.384	8.790.000
Móta- og ferðakostnaður	sl 6	22.642.764	27.291.342
Rekstur skrifstofu	sl 7	3.986.361	3.235.194
Kynning, fræðsla og útbreiðsla	sl 8	266.170	3.103.061
Niðurfærslur á kröfum		0	1.955.941
Ýmis kostnaður	sl 9	668.794	4.875.167
		<u>51.212.223</u>	<u>62.423.287</u>
<i>Hagnaður (tap) fyrir fjármunatekjur og fjármagnsgjöld</i>		10.480.861	(7.103.180)
Fjármunatekjur og fjármagnsgjöld			
Vaxtatekjur		38.861	18.619
Vaxtagjöld, gengismunur og fjármagnstekjuskattur		(241.629)	(1.017.350)
		<u>(202.768)</u>	<u>(998.731)</u>
<i>Hagnaður (tap) af reglulegri starfsemi</i>		10.278.093	(8.101.911)
Aðrar tekjur og gjöld			
Styrkir til kaupa á tímatökutækjum		0	13.299.000
Afskriftir tímatökutækja		(1.942.237)	(2.427.796)
		<u>(1.942.237)</u>	<u>10.871.204</u>
<i>Hagnaður fyrir áhrif dóttur- og hlutdeildarféлага</i>		8.335.856	2.769.293
Áhrif dóttur- og hlutdeildarféлага			
Tekjur eða gjöld af eignarhlutum í dótturfélögum		(117.347)	(2.760.756)
Hagnaður ársins		<u>8.218.509</u>	<u>8.537</u>

Efnahagsreikningur 31. desember 2015

Eignir

	Skýr.	2015	2014
Fastafjármunir			
<i>Varanlegir rekstrarfjármunir</i>	4		
Áhöld og tæki		7.768.948	9.711.185
<i>Fastafjármunir</i>		<u>7.768.948</u>	<u>9.711.185</u>
<i>Áhættufjármunir og langtímaskuldir</i>			
Frí ehf.	5	0	0
<i>Áhættufjármunir</i>		<u>0</u>	<u>0</u>
Veltufjármunir			
Viðskiptakröfur	sl 10	8.080.492	8.083.936
Bankainnstæður		766.234	1.551.871
<i>Veltufjármunir</i>		<u>8.846.726</u>	<u>9.635.807</u>
Eignir		<u>16.615.674</u>	<u>19.346.992</u>

Eigið fé og skuldir

Eigið fé	7		
Flutt frá fyrra ári		(2.224.808)	(2.233.345)
Hagnaður ársins		8.218.509	8.537
<i>Eigið fé</i>		<u>5.993.701</u>	<u>(2.224.808)</u>
Langtímaskuldir			
Langtímaskuldir		0	386.113
Næsta árs afborgun		0	(386.113)
<i>Langtímaskuldir</i>		<u>0</u>	<u>0</u>
Skammtímaskuldir			
Laun og launatengd gjöld.....	sl 11	461.202	3.955.803
Ýmsar skammtímaskuldir.....	sl 12	6.796.697	11.229.643
Skuldbinding vegna neikvæðs eignarhluta í Frí ehf.....	5	2.320.035	2.260.756
Næsta árs afborganir langtímaskulda		0	386.113
Yfirdráttarlán.....		1.044.039	3.739.485
<i>Skammtímaskuldir</i>		<u>10.621.973</u>	<u>21.571.800</u>
<i>Skuldir</i>		<u>10.621.973</u>	<u>21.571.800</u>
Eigið fé og skuldir		<u>16.615.674</u>	<u>19.346.992</u>

Skýringar

1. Starfsemi

